



Sjávarútvegsnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1515
komudagur 25. 3. 2002

Reykjavík 25. mars 2002.

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 562 mál.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar þess að nefnd sú sem skipuð var 28. september 1999 til að endurskoða löggin um stjórn fiskveiðanna skilaði af sér. Í skipunarbréfi nefndarinnar koma fram þau markmið er vinna skyldi að með endurskoðuninni. Þar segir m.a.:

*„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.
Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Þess skal þó gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bættu umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni.“*

Að álitum Alpýðusambands Íslands er hvorki að finna í skýrslu nefndarinnar né í fyrirliggjandi frumvarpi ráðherra, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiðanna, þau markmið sem vinna átti að með endurskoðuninni enda áttu hagsmunaaðilar enga aðkomu að þeirri umræðu sem þar fór fram.

Megin efni frumvarpsins virðist vera að útfæra veiðigjald á sjávarútveginn sem koma á til framkvæmda þann 1. september árið 2004, sbr. 10. gr. þess. Þess skal getið, að fulltrúar Sjómannasambands Íslands hafa alfarið hafnað auðlindagjaldi á sjávarútveginn. Það hefur hins vegar verið skoðun Alpýðusambands Íslands að nauðsynlegt sé að taka upp auðlindagjald sem hægt væri að nota sem hagstjórnartæki til þess að jafna óhjákvæmilegar sveiflur í sjávarútvegi. Hefði það t.d. verið gert á undanförunum árum, væru nú til staðar digrir sjóðir og við því betur í stakk búin til að mæta t.d. niðurskurði á aflaheimildum.

ASÍ fær þó ekki séð með hvaða hætti þessi tillaga um upptöku veiðigjalds eykur sátt um kerfið eða bætir umgengni um auðlindina. Auk þess hefur veiðileyfagjaldið ekkert með stjórn veiðanna að gera og á því ekki heima í lögum um stjórn fiskveiða.


Í 6. grein frumvarpsins er lagt til að hækkað verði það hlutfall sem samanlagðar aflahlutdeildir fiskiskipa mega vera, sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Þetta ákvæði virðist engan tilgang hafa enda er fyrirséð að því verði breytt eftir þörfum jafnhliða því sem stórútgerðirnar stækka. ASÍ tekur undir með Sjómannasambandi Íslands að engin þörf er á að rýmka reglurnar sem nú gilda um þetta og hafnar því frumvarpinu hvað þetta varðar.


Það alvarlegasta varðandi frumvarpið er að ekkert er tekið á þeim vandamálum er lúta að stjórn fiskveiðanna sjálfra. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki getur takmarkað stærð flotans og vegna frelsis útgerðarmanna til að framselja aflamark milli skipa hefur skipum fjölgað verulega á undanförunum árum án þess að nokkuð sé að gert. Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar hafa margsinnis bent á að skark á miðunum væri of mikið vegna of stórs fiskiskipaflota. Það þarf því ekki að koma á óvart að hægt gangi að byggja upp okkar mikilvægustu fiskistofna. Brottkast hefur á undanförunum misserum verið fyrirferðamikill í umræðunni. Fiskistofa hefur lýst því yfir að brottkastið sé mest á kvótalausum skipunum. Þrátt fyrir framangreindar upplýsingar er engin viðleitni í frumvarpinu til að taka á þeim vandamálum er snúa beint að stjórnun fiskveiða og bættri umgengni um auðlindina.

Í frumvarpinu er sem sagt ekki gerð hin minnsta tilraun til að taka á þeim raunverulegu vandamálum sem snúa að stjórn veiðanna og brýnt er að taka á.

Alþýðusamband Íslands telur einsýnt að frumvarpið skapi ekki þá sátt sem þarf um stjórn fiskveiða. Með frumvarpinu ekkert tekið á þörfinni fyrir sveiflujöfnun. Frumvarpið tekur heldur ekki á mikilvægum þáttum sem snúa að hagsmunum byggðanna, sérstaklega atvinnuöryggi fiskverkafólks né heldur réttarstöðu sjómanna. Með samþykkt frumvarpsins er því ekki tekið á þeim mikilvægu þáttum sem nefndinni var falið að gera að öðru leiti en því að taka á hagsmunum útgerðarinnar með því að endurskilgreina þróunarsjóðsgjaldið og kalla það veiðigjald.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands


Rannveig Sigurðardóttir,
hagfræðingur ASÍ.



**SJÁVARÚTVEGSNEFND ALÞINGIS
ALÞINGI,
150 - REYKJAVÍK**

*Alþingi
Erindi nr. P 127/1488
komudagur 25. 3. 2002*

UMSÖGN UM MÁL 562


Með vísan til bréfs Ágústs Geirs Ágústssonar f.h. sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 7. marz 2002 tilkynnist hér með að bæjarstjórn Austur-Héraðs mun ekki gefa umsögn um

.....mál 562, frv. til laga um stjórn fiskveiða.

Ofanritað tilkynnist hér með.

Egilsstöðum 22. marz 2002;

Bæjarstjóri Austur-Héraðs
Lyngási 12 • Egilsstöðum
Kt. 510169-6119 • Sími 471-1166


Bj. Hafþór Guðmundsson



Dagsetning
10. apríl 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um mál 562, frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38, 15. maí 1990.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Í 4. grein er ákvæði um að sjávarútvegsráðherra sé heimilt að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið að höfðu samráði við Bygðastofnun.

Bygðastofnun hefur nú þegar til ráðstöfunar byggðakvóta af sama magni sem hefur hliðstætt markmið. Í lögum nr. 1 – 14. janúar 1999 um breytingu á lögum nr. 38 – 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða segir í bráðabirgðaákvæði XXVI: “Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hefur Bygðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar”


Bygðastofnun telur brýna þörf á að til staðar séu aflaheimildir til að leysa úr vanda byggðarlaga sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, og á fundi stjórnar Bygðastofnunar 18. apríl 2000 var samþykkt að leita eftir því að Bygðastofnun fengi til úthlutunar 1500 þorskígildislestir til viðbótar þessum byggðakvóta. Þeirri beiðni var þá hafnað. Það er mat ráðgjafarfyrirtækis að byggðakvótinn hafi haft jákvæð áhrif á þeim stöðum sem hann fengu og leitt til 60-70 nýrra starfa á þeim, og telur Bygðastofnun að viðbótarúthlutun sú sem nú er lögð til muni á sama hátt leiða til aukningar starfa og styrkja þau byggðarlög sem úthlutun hljóta.


Rétt er að benda á að eins og fram kemur í mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er aflaverðmæti núverandi byggðakvóta um 170 m. kr á meðalverði ársins 2001. Í skýringum með frumvarpinu kemur hins vegar fram að heildaraflaverðmæti á árinu 2001 var 69 milljarðar króna, og er verðmæti ofangreindra heimilda því einungis rúmeða 0,2% af heildaraflaverðmæti.

Í 5. grein er kveðið á um að stærðarmörkum krókaafلامarksbáta verði breytt úr 6 brúttótonnum í 15 brúttótonn. Bygðastofnun telur að þessi breyting muni stuðla að auknu öryggi í útgerð smábáta.

Byggðastofnun hefur ekki metið áhrif annarra liða frumvarpsins á byggðapróun.

Virðingarfyllst


Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Þróunarsviðs


Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi

Alþingi
Erindi nr. P 127/1925
komudagur 22.3.2002



Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. mars 2002
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál
Tilv:02030015

Vísað er í bréf sjávarútvegsnefndar dags. 7. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur fjallað um frumvarpið og vill koma tveimur athugasemdum á framfæri.

1. Í 4. grein er sjávarútvegsráðherra heimilað “að höfðu samráði við Byggðastofnun að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi”. Stjórn Bændasamtaka Íslands telur ástæðu til að þessi heimild sé verulega rýmri.
2. Búnaðarþing 1999 ályktaði um útræðisrétt jarða, og samtökin hafa síðan unnið að því að fá slíkan rétt viðurkenndan í fiskveiðilöggjöfnni og eru þau sjónarmið hér með áréttuð við sjávarútvegsnefnd. Meðfylgjandi er ályktun búnaðarþings og álitsgerð, sem Már Pétursson hrl. vann fyrir Samtök eigenda sjávarjarða.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurgeir Þorgeirsson




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150. Reykjavík.


Dalvík, 5. apríl 2002.

Á 171. fundi bæjarráðs Dalvíkurbyggðar þann 14. mars 2002 var tekið fyrir erindi frá sjávarútvegsnefnd Alþingis, bréf dagsett þann 7. mars 2002, þar sem nefndin óskar umsagnar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða eigi síðar en 22. mars n.k.

Lagt fram til kynningar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virkningarfylst,
Bæjarstjórn

Guðrún Pálma Jóhannsdóttir
bæjarstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/1785
komudagur 10.4.2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um stjórnun fiskveiða

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps tók fyrir á fundi sínum þann 9. apríl sl. frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Eftirfarandi var samþykkt:


“Sveitarstjórn Djúpavogshrepps leggst gegn því að tekið verði upp veiðigjald í sjávarútvegi samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Fiskveiðar og fiskvinnsla hafa verið þær atvinnugreinar sem landsbyggðin hefur byggt tilveru sína á. Fiskvinnsla og fiskveiðar eru samofnar lífi fólks á landsbyggðinni. Það er skoðun sveitarstjórnar að það sé í hæsta máta óeðlilegt að skattleggja sjávarútveg umfram aðrar atvinnugreinar í landinu, enda um hreinan landsbyggðaskatt að ræða, sem er í andstöðu við yfirlýsta stefnu stjórnvalda.

Miðað við upplýsingar sem fram hafa komið í umræðum um frumvarpið munu fyrirtæki á Djúpavogi þurfa að greiða um kr. 11.3 millj. í skatt og fyrirtæki í Austurlandskjördæmi um kr. 273 millj.

Með fyrirhuguðum breytingum á hafnalögum þar sem gert er ráð fyrir umtalsverðum breytingum á styrkjum til hafnarframkvæmda er ljóst að hafnir á landsbyggðinni þurfa að sækja auknar tekjur til sjávarútvegsins.”

Djúpavogi 9. apríl 2002

Virðingarfyllt,
f.h. Djúpavogshrepps

Sveitarstjóri
Djúpavogshrepps

Ólafur Ragnarsson

Djúpavogshreppur

Heimilisfang
Bakki 1
765 Djúpivogur

Sími
478 8288

Bréfsími
478 8188

Netfang
djupivogur@simnet.is

Veðsída
simnet.is/djupivogur/

Kennitala
570992-2799

Djúpárhreppur

Samkomuhúsi Þykkvabæjar, 851 Hella.
s-487-5639 fax 487-5611 gsm 861-5639

Alþingi
Erindi nr. P 127/1490
komudagur 25. 3. 2002

Þykkvabæ 24. mars 2002.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis,
b.t. Ágúst Geir Ágústsson.

Varðar; frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórnun fiskveiða, með síðari breytingum.

Sveitarstjórn Djúpárhrepps tók áðurgreint erindi fyrir á fundi þann 20. mars sl. Oddvita var falið að gera athugasemd við 4. grein frumvarpsins, hvað varðar heimild til handa ráðherra að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Í þessu felst að okkar álití mismunun milli byggðarlaga og útvegsfyrirtækja eftir því hvernig þau hafa verið rekin undanfarin ár. Að auki er "þjóðareignin" þarna notuð á sérkennilegan hátt til mismununar eftir því hvaða atvinna er stunduð í byggðarlögum landsins.

Virðingarfyllt f.h. Djúpárhrepps,


Oddviti.

Alþingi
Erindi nr. P 27/1423
komudagur 22.3.2002

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 21. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá sjávarútvegsnefnd Alþingis frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.

Stjórnin samþykkti að gefa ekki umsögn um frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
105 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1395
komudagur 21.3.2002

Efni: Umsögn um stjórn fiskveiða, 562.mál.

FFSÍ vitnar í samþykktir þings samtakanna og telur að frumvarpið sé fjarri því að leiða til nokkurra sátta varðandi stjórnun fiskveiða. Sambandið ítrekar andstöðu við veiðileyfagjald og aukna aflahlutdeild. Að auki vilja samtökin varpa fram þeirri spurningu hvort fyrirhuguð breyting um aukna hlutdeild einstakra fyrirtækja standist samkeppnislög. Í öllu falli er ljóst að 50 % aflahlutdeild eins fyrirtækis í ákveðinni fisktegund hefur í för með sér óeðlilega sterka samkeppnisstöðu sem síður en svo þarf að leiða af sér hámarskverðmætasköpun fyrir þjóðarbúið. Sú staða sem frumvarpið hefði í för með sér gæti leitt til þess að tvö stór fyrirtæki réðu öllum kvóta í ákveðinni fisktegund. Þannig framtíðarsýn er ekki gæfuleg ef leitað er leiða til þjóðarsáttar.

Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason, forseti.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1539
komudagur 26. 3. 2002

Ágæti viðtakandi.

Hreppsnefnd ályktaði eftirfarandi varðandi frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Hreppsnefnd Gerðahrepps mælir ekki með samþ. frumvarpsins. Hreppsnefnd Gerðahrepps lýsir yfir andstöðu sinni við núverandi kvótakerfi í heild sinni, því er óþarfi að gera breytingar á því heldur ber að afnema það.

Þetta tilkynnist hér með.

Sigurður Jónsson, sveitarstjóri



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 127/1540

komudagur 27.3.2002

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25.03.2002

Tilv. 23.1

JS/sv

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, 127. löggjafarþing

Vísað er í erindi Sjávarútvegsnefndar dags. 7. mars 2002 um ofangreint málefni.

Hafrannsóknastofnunin tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til fjáröflunarleiða ríkissjóðs vegna haf- og fiskirannsóknna en fagnar þeim ráðagerðum sem fram koma í greinargerð með ofangreindu frumvarpi að auka ráðstöfunarfé stofnunarinnar um 600 milljónir á ári á næstu árum " til að skapa stofnuninni rými til að stunda auknar haf- og fiskirannsóknir á næstu árum svo að hún geti tekist á við nauðsynleg verkefni ". Lögð skal hins vegar áhersla á það að við framkvæmd laganna verði þess gætt að fjárveitingar til stofnunarinnar verði fyrirséðar við lok hvers árs þegar starfsáætlun stofnunarinnar fyrir næsta ár á eftir er unnin. Einnig er æskilegt að reynt verði við framkvæmd laganna að jafna greiðslur milli ára þannig að fjárveitingar verði ekki mjög breytilegar frá ári til árs.

Varðandi 4. gr. frumvarps skilur stofnunin það svo að heimildir ráðherra til ráðstöfunar á 12.000 lestum af óslægðum botnfiski rúmist á hverjum tíma innan áætlaðs heildaraflamarks viðkomandi tegunda.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
552-0240
Póstfax:
562-3790

Heimasíða:
<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:
librarian@hafro.is

HRÍSEYJARHREPPUR



Alþingi

Erindi nr. P 127/1817

komudagur 10.4.2002

Alþingi

Sjávarútvegsnefnd,
Ágúst Geir Ágústsson,
nefndarritari,
150 Reykjavík.


Hrísey 10.04.2002

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Í framhaldi af bréfi þ. 7.3 2002, þar sem farið er fram á umsögn sveitarstjórnar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, skal það hér með tilkynnt að sveitarstjórn Hríseyjarhrepps tók erindið fyrir á fundi 9.4 sl. og bókaði eftirfarandi:

“Þar sem sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn sveitarstjórnar Hríseyjarhrepps um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, lýsir sveitarstjórn því yfir að hún er alfarið á móti lögum um stjórn fiskveiða í núverandi mynd, þar sem fá ef nokkur sveitarfélög hafa farið jafn halloka eftir að framsal kvóta var sett í lög. Aukinn byggðakvóti er jákvæður punktur í frumvarpinu, en langur vegur að hann gangi nógu langt. Veiðigjald er eitthvað sem engin sátt verður um og bætir á engan hátt hlut sjávarbyggða nema síður sé.”

Virðingarfyllst,
f.h Hríseyjarhrepps,


Pétur Bolli Jóhannesson,
Sveitarstjóri.



Ps. Þar sem einn fundur er haldinn að jafnaði í sveitarstjórn Hríseyjarhrepps í mánuði tókst ekki að fjalla um erindið í marsmánuði en vonast er til að rödd okkar fái að heyrst samt sem áður.



HÚSAVÍKURKAUPSTAÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 127/1338
komudagur 19.3.2002

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt.-640169-5599

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Húsavík 15. mars 2002
Tilvísun: 02030012

Efni: Umsögn bæjarráðs Húsavíkur um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða - 562.mál.

Bæjarráð tók frumvarpið til umfjöllunar á fundi sínum 14.mars s.l.

Ákveðið var að taka ekki sérstaka afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllt

Ólafur M. Helmarsson

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHOLI, TRYGGVAGÖTU 11 · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354-550 9500 · TELEFAX 354-550 9501

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1710
komudagur 8.4.2002

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8.4.2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Þskj. 882 - 562. mál.

Okkur hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

1. Almennar athugasemdir.

Veigamestu breytingartillögur frumvarpsins felast stóráuknum álögum á sjávarútveginn í formi auðlindagjalds.

Við erum þeirrar skoðunar að ekki beri að innheimta auðlindagjald vegna nýtingar náttúruauðlinda. Við höfum engu að síður lýst okkur tilbúin til að greiða hóflegt auðlindagjald, enda verði það til þess að skapa stöðugleika í greininni. Mest hagkvæmni næst í sjávarútvegi ef úthlutunar aflahlutdeilda er varanleg og við itrekum nauðsyn þess að þær reglur sem sjávarútvegsfyrirtækjum eru settar gildi til langs tíma. Öll óvissa tefur fyrir nauðsynlegri hagræðingu og framþróun.

Við áréttum þá skoðun okkar, að komi til álagningar frekara auðlindagjalds á sjávarútveginn, þá skuli jafnræðis gætt við skattlagningu fyrirtækja sem nýta hverskonar náttúruauðlindir. Skattlagning einnar atvinnugreinar umfram aðrar samrýmist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Mikilvægt er að gjaldtaka taki mið af afkomu sjávarútvegsins og við teljum að lágmarksgreiðsla auðlindagjalds skuli taka mið af núverandi greiðslu veiðieftirlitsgjalds, sem á síðasta ári nam um 230 milljónum króna. Ekki er rétt að miða við tímabundnar greiðslur í Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem námu yfir 600 milljónum króna á síðasta ári. Áætlun sjóðsins gerir ráð fyrir því að á árinu 2004 verði búið að innheimta nægar fjárhæðir til að standa undir öllum skuldbindingum sjóðsins. Nú er verið að innheimta gjöld til að standa straum af kostnaði við smíði hins nýja hafrannsóknaskips en það var að beiðni okkar að Þróunarsjóðnum var falið að innheimta gjald af útgerðinni til að standa undir smíði skipsins.

Við teljum að það gjald sem miðað er við að innheimta af útgerðinni samkvæmt frumvarpinu sé allt of hátt. Miðað er við að væri gjaldtakan að fullu komin til framkvæmda á þessu ári næmi það yfir tveimur milljörðum króna.

Á síðasta ári gerðum við nýjan kjarasamning við Vélstjórafélag Íslands sem fól m.a. í sér ákvörðun um verð á þorski, ýsu og karfa í beinum viðskiptum þar sem útgerð og vinnsla eru á sömu hendi. Þessi ákvæði voru síðan stafest af gerðardómi hvað félagsmenn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands varðar. Fiskverð í beinum viðskiptum hefur að meðaltali hækkað um eða yfir 40% á þessum tegundum frá því í október 2001 með tilheyrandi útgjaldaauka fyrir útgerðina. Hækkun á fiskverði í beinum viðskiptum, sem í raun er einungis aukin útgjöld, leiðir til hærri gjaldstofns samkvæmt frumvarpinu. Áhrifa þessa er þó einungis að hluta farið að gæta þar sem viðmiðun við áætlun gjaldsins fyrir árið 2002 er tímabilið 1.5.2001 – 30.4.2002 en áhrifa hærra fiskverðs í beinum viðskiptum er fyrst nú farið að gæta að fullu. Þannig getur gjaldstofninn enn átt eftir að hækka þó í raun sé einungis um aukin útgjöld að ræða.

Íslenskur sjávarútvegur á í harðri samkeppni við sjávarútveg annarra landa enda eru nánast allar afurðir okkar seldar úr landi. Það er einsdæmi að innheimta auðlindagjald af sjávarútvegi með sama hætti og hér er lagt til og víða eigum við í samkeppni við ríkisstyrktan sjávarútveg. Álagningin er því stórskadleg íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum í hinn alþjóðlegu samkeppni sem hann býr við.

Gjald það sem frumvarpið gerir ráð fyrir er afar hátt þegar litið er til afkomu sjávarútvegsins. Þó að hluta til sé tekið tillit til kostnaðarþátta er gjaldstofninn ákvarðaður áður en tekið hefur verið tillit til allra útgjalda. Því verður um álagningu gjalds að ræða þótt tap verði á rekstrinum. Í þeim tilfellum er um eignaupptöku að ræða. Samkvæmt frumvarpinu hefði gjaldið samtals numið kr. 10,1 milljarði á árunum 1994-2000. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar nam samanlagður hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja á sama tíma kr. 14,4 milljörðum samkvæmt árgreiðsluaðferð en afkoman var neikvæð um 0,5 milljarða samkvæmt skattalegu uppgjöri. Af þessum tölum sést að hér er um ofurskattlagningu að ræða en ekki hóflegt gjald.

Í ljósi framangreinds er undarlegt að sjávarútvegsráðherra hefur afgreitt mótmæli okkar og gagnrýni á þá ofurálagningu sem hér er á ferðinni með þeim orðum að það sé hlutverk okkar að vera á móti auknum álögum. Viðbrögð iðnaðarráðherra við hugmyndum um álagningu auðlindagjalds á orkufyrirtækin vegna nýlegs úrskurðar óbyggðanefndar eru athyglisverð. Í blaðaviðtali þann 3.4. sl. er eftirfarandi haft eftir iðnaðarráðherra "Ég útiloka ekkert um auðlindagjald í framtíðinni hvað varðar nýtingu náttúruauðlinda, enda gera lögin um þjóðlendur ráð fyrir slíku, þó að það sé ákvörðunarefni hverju sinni. En þær virkjanir sem þegar hafa verið teknar í notkun, áður en þjóðlendulögin voru sett, byggjast að verulegu leyti á samningum um sölu á orku til margra ára eins og til stóriðjunnar og þeir samningar verða ekki teknir upp. En gjald sem kæmi til með að vera lagt á orkufyrirtækin mun skila sér út í verðlagið og til neytenda. Ég held að við verðum líka að hugsa um samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum þjóðum í þessu sambandi, t.d. sölu á orku til stórfyrirtækja."

Það er alkunna að yfirgnæfandi hluti sjávarútvegsfyrirtækja er á landsbyggðinni. Því mun auðlindagjald á sjávarútveginn fyrst og fremst leggjast á fyrirtæki á landsbyggðinni. Sjávarútvegsfyrirtækin eru burðarásinn í atvinnulífi landsbyggðarinnar og því líklegust til að stuðla að uppbyggingu og framförum þar. Með álagningu auðlindagjalds er verulega dregið úr möguleikum fyrirtækjanna til frekari uppbyggingar og þar með aukið á vanda landsbyggðarinnar með tilheyrandi þjóðhagslegum afleiðingum.

Að beiðni okkar rannsakaði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands samband auðlindagjalds og skatttekna ríkisins og birti niðurstöðuna í skýrslu í ársbyrjun sem send hefur verið öllum þingmönnum.

Í skýrslunni er leitast við að varpa ljósi á það hvernig skatttekjur hins opinbera kynnu að breytast við álagningu eða hækkun auðlindagjalds á sjávarútveginn. Markmið skýrslunnar er að vekja athygli á og lýsa þeim hagrænu breytum og samböndum sem mestu ráða um hvort og hversu mikið skatttekjur hins opinbera myndu breytast í kjölfar hækkunar auðlindagjalds. Þá er reynt að sýna hvaða stærðir gæti verið um að ræða.

Megin niðurstaða Hagfræðistofnunar er sú að neikvæð áhrif auðlindagjalds á eignir landsmanna og þá einkum á landsframleiðslu geta leitt til þess að tekjuaukning hins opinbera af álagningu auðlindagjalds verði engin eða jafnvel neikvæð. Hagfræðistofnun telur verulegar líkur á því að álagning auðlindagjalds muni lækka heildarskatttekjur hins opinbera þegar fram í sækir. Þessi lækking gæti orðið innan tiltölulega fárra ára, sennilega 10 – 20 ára.

Rétt er að vekja athygli á því að í skýrslunni eru áhrif þess að auðlindagjald á sjávarútveginn leggst fyrst og fremst á fyrirtæki á landsbyggðinni ekki metin sérstaklega.

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands lá ekki fyrir þegar Auðlindanefnd og “Endurskoðunarnefnd” sjávarútvegsráðherra skiluðu skýrslum sínum. Niðurstaða Hagfræðistofnunar um áhrif álagningar auðlindagjalds á íslenskan sjávarútveg á skatttekjur ríkisins hlýtur að leiða til þess að öll áform um álagningu auðlindagjalds komi til endurskoðunar og verði metin í nýju ljósi.

Að öllu framangreindu virtu teljum við að sú álagning auðlindagjalds á íslenskan sjávarútveg sem í frumvarpinu felst sé hrein tímaskekkja og leggjumst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins að þessu leiti.

2. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við gerum ekki sérstakar athugasemdir við 1., 2., 3., 6., 7., 9. og 11 greinar frumvarpsins.

Við leggjumst alfarið gegn ákvæðum 4. greinar frumvarpsins um heimild ráðherra til “að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi“. Beiting ákvæðis sem þessa leiðir til þess að aflaheimildir verða teknar af öðrum skipum og verður þannig til að mismuna aðilum. Ákvæði um skilyrði fyrir úthlutun eru afar óljós og virðist nánast að um geðþóttaákvörðun geti verið að ræða.


Við erum alfarið á móti þeim fyrirætlunum að takmarka stærð krókaaflamarksbáta við 15 brúttótonn í stað 6 brúttórúmlasta eða 6 brúttótonna eins og nú er. Engin rök eru færð fyrir breytingunni í greinargerð með frumvarpinu en vísað er til þess að þetta sé í samræmi við tillögur meirihluta Endurskoðunarnefndar. Í álitni meirihlutans segir um þetta atriði: “Meirihluti nefndarinnar telur að takmarka beri stærð krókaaflamarksbáta, en þó séu 6 tonna takmörkin sem áður var stuðst við óþarflega þröng m.a. af öryggisástæðum”. Undanfarin ár hafa gríðarlega miklar aflaheimildir verið teknar af aflamarksskipum og fluttar til krókabáta undir 6 tonnum. Heimildir þessar hafa verið teknar bæði af stórum og smáum skipum þ.m.t. skipum undir 15 brúttótonnum. Samkvæmt frumvarpinu á nú að heimila þeim sem fengið hafa þessar heimildir að stækka þau langt upp fyrir stærð þeirra skipa sem heimildirnar hafa verið teknar frá ! Sjávarútvegsráðherra hefur sagt að þessi breyting sé gerð vegna öryggissjónarmiða. Þessi röksemdafærsla er svo fráleit að hún er ekki einu sinni brosleg. Sé sjávarútvegsráðherra umhugað um öryggismál er einfaldast fyrir hann að leggja til að öllum heimildum sem teknar hafa verið af skipum stærri en 6 brúttórúmllestir eða 6 brúttótonn verði skilað aftur til þeirra. Rétt er að benda einnig á þann möguleika að flytja frekari heimildir frá skipum undir 6 tonn en þær sem fluttar hafa verið til þeirra frá stærri skipum megi það verða til að auka öryggi sjómanna.

Í 8. grein frumvarpsins er lagt til að fella niður ákvæði 14. greinar um sérstaka samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum sjómanna, útvegsmanna og ráðherra. Við teljum að almennt beri að efla tengsl hins opinbera og atvinnulífsins. Því teljum við að nær væri að efla starf nefndarinnar, að teknu tilliti breyttra aðstæðna sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu, en að leggja hana niður.

Við leggjumst alfarið gegn samþykkt 10. greinar frumvarpsins og vísunum um rökstuðning til almennra athugasemda um frumvarpið.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI, TRYGGVAGÖTU 11 · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL. 354-550 9500 · TELEFAX 354-550 9501

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1904
komudagur 15.4.2002

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12.4.2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Þskj. 882 - 562. mál.

Með bréfi þessu viljum við ítreka þær óskir til sjávarútvegsnefndar sem settar voru fram á fundi með nefndinni í gær og eiga þær við verði auðlindagjald lagt á útgerðina í hvað mynd sem það kann að verða :

1. Stofnar sem ekki eru deilistofnar.

Veiðar úr stofnum sem ekki eru deilistofnar verði undanskildar gjaldtökunni, en það eru nú veiðar í Barentshafi og á Flæmskahattinum. Úthlutun þessara veiðiheimilda væri ekki til komin hefðu útvegsmenn ekki sótt í þá stofna sem um ræðir meðan veiðar úr þeim voru frjálssar. Afkoma af þessum veiðum hefur verið afar slök á undanförunum árum og af rækjuveiðum á Flæmingjagrunni hefur verið umtalsvert tap hjá flestum útgerðum. Það hefur leitt til þess að úthlutaður kvóti hefur ekki verið veiddur. Það sama var uppi á teningnum varðandi þann kvóta sem úthlutað var í rússneskri lögsögu þar til fyrir skömmu síðan.

2. Afla- eða afkomubrestur.

Ekki verði lagt á auðlindagjald verði afla- eða afkomubrestur í einstökum veiðigreinum. Ljóst er að eins og frumvarpið liggur fyrir verður gjald lagt á allar veiðigreinar þó afkoma þeirra kunnist að vera afar mismunandi. Benda má á að rækjuveiðar hafa átt mjög undir högg að sækja að undanförunu og afkoma af þeim verið neikvæð. Þá er ekki langt síðan að uppsjávarveiðar voru í verulegri lægð vegna verðfalls á afurðum.

Áfergjunni í álagningu virðast því miður fá takmörk sett í frumvarpinu sem lýsir sér best í því að samkvæmt lokamálsgrein 10. greinar þess virðist ekki eiga að endurgreiða það gjald sem innheimt hefur verið jafnvel þó úthlutaðar veiðiheimildir verði teknar til baka ! Reyndar er þessi grein með þeim ólíkindum að talað er um að það skuli endurgreiða hiuta gjaldsins en þó ekki það sem þegar hefur verið greitt.

Okkur er ómögulegt að skilja hvernig eitthvað verður endurgreitt ef það á ekki við um það sem þegar hefur verið greitt.

Meðfylgjandi eru tillögur útvegsmanna og sjómanna til sjávarútvegsráðherra um breytingar á lögum stjórn fiskveiða ofl. og röksemdir fyrir þeim sem kynntar voru á blaðamannafundi þann 24.1.2002. Við ítrekum þá ósk sem við settum fram á fundi með nefndinni í gær að farið verði að þessum tillögum.

Vegna ákvæða í 5. gr. frumvarpsins um heimild til að stækka krókaafلامarksskip úr 6 brúttórúmllestum eða 6 brúttótonnum í 15 brúttótonn skal á það bent að samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að flytja aflamark frá aflamarksskipum til krókaafلامarksskípa en ekki öfugt. Þetta er að sjálfsgöðu óverjandi mismunum sem við förum fram á að verði leiðrétt. Verði heimilt að stækka krókaafلامarksskip í 10, 12 eða 15 brúttótonn verður þessi mismunun enn verri.

Að lokum er sjávarútvegsnefnd hvött til að koma raunhæfri stjórn á veiðar sóknardagabáta. Það er óábyrg "fiskveiðistjórnun" að hafa sóknarfyrirkomulag þar sem aukning vélarafis er óheft. Þar með er stór þáttur þess sem ræður afkastagetunni undanskilinn sem óhjákvæmilega leiðir til ofveiði. Ekki er nóg að takmarka aukningu vélarafisins eins, vegna þess að ýmsir aðrir þættir hafa hér áhrif s.s. gerð og búnaður bátanna. Því þarf að skilgreina sóknargetu hvers báts og tryggja að við endurnýjun þeirra verði ekki um aukningu sóknargetu að ræða. Rétt er að minna á að sóknardagabátar veiddu 7885 tonn af þorski á síðasta ári en viðmiðun þeirra er 1474 tonn. Ljóst er að stjórnvöld munu fyrr eða síðar verða að taka á þessu máli og eftir því sem það verður dregið lengur verður það erfiðara viðfangs. Nýleg lagaheimild til skiptingar sóknardaga þar sem horfið var frá því að telja sóknardaga í heilum sólahringum gerir úrlausn þess enn brýnni.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson

Tillögur til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða ofl.

1. Takmörkun á framsali aflamarks ofl.

7. mgr. 12 greinar laga 38/1990 verði breytt þannig að í stað þess að nú er heimilt að framselja 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðaárs á grundvelli aflahlutdeildar þess, umfram aflamark sem flutt er til skips, verði einungis heimilt að framselja 25% af aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar þess, umfram aflamark sem flutt er til skips. Við mat á úthlutuðu aflamarki skal ekki einungis tekið tilliti til byrjunarúthlutunar heldur endanlegrar úthlutunar. Þá skal aflamark sem úthlutað er samkvæmt lögum nr. 151/1996 eða öðrum lögum og kolmunnaafli skips telja til mats á framsalsheimild. Sé aflahlutdeild flutt milli skipa í eigu sama aðila verði heimilt að flytja aflamark sem úthlutað hefur verið vegna aflahlutdeildarinnar ásamt aflahlutdeildinni. Flutningur aflamarks með aflahlutdeild þegar breyting verður á skipakosti sbr. 7. mgr. 12. gr. laga 38/1990 og þegar aflamark er flutt ásamt aflahlutdeild milli skipa í eigu sömu útgerðar skapar heimild til framsals allt að 25% af því aflamarki sem flutt er, hjá því skipi sem flutt er til, að svo miklu leyti sem framsalsréttur hefur ekki verið nýttur af því skipi sem flutt er frá.

Á hverju fiskveiðiári skal óheimilt að flytja til fiskiskipa meira aflamark en tvöfalt það aflamark sem skip fær úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar sinnar.

Ákvæði 5. og 6. mgr. 12 gr. laga nr. 38/1990 um að veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu tvö fiskveiðiár í röð falli aflahlutdeild þess niður verði felld úr gildi.

Nýtt ákvæði komi í lög um stjórn fiskveiða um að verði atvik eins og aflabrestur, dráttur á afhendingu nýs skips, frátafir vegna endurbóta, bilana eða tjóns á skipi til þess að skip nái ekki að veiða 75% aflamarki sínu verði frekara framsal aflamarks en 25% heimilað. *Samráðsnefndin skv. 14. gr. laga nr. 38/1990 gæti verið sá vettvangur sem legði mat á hvort frekara framsal en 25% verði heimilað.*

2. Skráning aflahlutdeildar og aflamarks.

Einungis verði heimilt að skrá aflahlutdeild og aflamark á fiskiskip. Verði verulegur dráttur á afhendingu nýsmíði verði unnt að skrá aflahlutdeild og aflamark á nýsmíðina í tiltekinn tíma.

3. Flutningur aflamarks milli fiskveiðiára.

Heimildir skv. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða um flutning aflamarks milli fiskveiðiáramóta verði a.m.k. tímabundið auknar um 50%

4. Framsal aflamarks til erlendra skipa.

Ekki verði gerðar breytingar á lögum sem heimili einstökum útgerðum af framselja aflamark íslenskra skipa til erlendra skipa.

Fréttamannafundur
Landssambands íslenskra útvegsmanna,
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands og
Véltjórafélags Íslands

1. Tillögur til sjávarútvegsráðherra

Landssamband íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Véltjórafélag Íslands hafa sameiginlega farið þess á leit við sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða.

Tillögurnar felast í meginatriðum í því að heimild til framsals aflamarks frá fiskiskipi verði 25% af úthlutun á hverju fiskveiðiári og að ekki verði unnt að flytja meira aflamark til skips en jafngildi tvöfaldrar kvótaúthlutunar þess. Lagt er til að fellt verði úr gildi ákvæði um að veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu tvö fiskveiðiár í röð falli aflahlutdeild þess niður. Þá er lagt til að verði óviðráðanleg atvik til þess að skip nái ekki að veiða 75% aflamarki sínu, verði framsal aflamarks umfram 25% heimilað.

Einnig er gerð tillaga um að aflahlutdeild og aflamark verði aðeins unnt að skrá á fiskiskip og að ekki verði gerðar breytingar á lögum sem heimili einstökum útgerðum af framselja aflamark íslenskra skipa til erlendra skipa.

Rétt er að taka fram að ekki eru gerðar tillögur um breytingar á heimildum til skipta á aflamarki eða til frjáls framsals aflahlutdeildar enda er þar um grundvallaratriði að ræða sem stuðlar að hagræðingu.

2. Helstu ástæður tillaganna

1.2. Sættir

Samtök sjómanna hafa frá því að núverandi fiskveiðistjórnun var tekin upp, verið andvíg sölu aflamarks. Rök þeirra eru að veiðiheimildum sé ekki úthlutað til að selja þær þriðja aðila heldur að þær séu veiddar af viðkomandi útgerð og stuðli þannig að atvinnuöryggi. Þá eru mörg dæmi þess að þeir sem kaupa aflamark í miklum mæli brjóti ákvæði laga og kjarasamninga með því að draga kostnað við kaupin frá heildarverðmæti afla, en það er ólöglegt. Þannig hafa sjómenn ekki fengið gert upp með réttum hætti, en það ástand hefur ekki síst leitt til endurtekinna verkfallsátaka. Aðilar telja að takmörkun framsals samkvæmt tillögum þessum sé til þess fallin að draga mjög úr líkum á árekstrum á milli aðila á þessum grundvelli.

2.2. Markmið með stjórn fiskveiða

Eitt af meginmarkmiðunum með stjórnkerfi fiskveiða er að ná fram hagræðingu með hæfilegri stærð fiskiskipaflotans og að laga hann að afrakstursgetu fiskistofnanna. Þróun síðari ára hefur verið sú að skipum sem hefur verið lagt, eða hefði verið lagt vegna kaupa á nýjum skipum eða samþjöppun aflaheimilda, hefur verið haldið til veiða á leigukvóta. Við setningu laga um stjórn fiskveiða var við því búist að unnt yrði að fella kröfuna um endurnýjunarréttinn niður er fram liðu stundir þar sem flotinn yrði lagaður að afrakstursgetunni. Það var ekki ætlunin að allt of mörg skip yrðu um að veiða of fáa fiska eins og raunin hefur orðið. Núverandi ástandi hefur verið lýst þannig að Ísland geti orðið ruslakista fyrir úreltan flota.

2.3. Of stór floti - álag á fiskistofnana - brottkast

Ekki þarf að hafa mörg orð um óæskileg áhrif of stórs flota á fiskistofna. Um það má m.a. vísa til þess sem kom fram á ráðstefnu FAO, "Ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar", sem haldin var hér á landi í haust og á fyrirsparnarþingi sjávarútvegsráðherra sem einnig var haldið í haust.

Það er staðreynd að brottkast er vandamál á skipum sem hafa lítinn kvóta og m.a. hefur Fiskistofa staðfest það. Formaður félags útgerða kvótalitilla skipa hefur lýst þessu ástandi þannig að hann hafi keypt bát á árinu 1999 og gert hann út í meira en 2 ár og hent stórum hluta af afla skipsins. Slíkt framferði er algjörlega ólíðandi og miðast tillögurnar við að draga úr brottkasti.



LANDSSAMBAND
smábátæigenda

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922
PÓSTFAX 562-6590

Alþingi
Erindi nr. P 127/1538
komudagur 26. 3. 2002

26. mars 2002

Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Einar K. Guðfinnsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda
um mál nr. 562, frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Kvótapak

Landssamband smábátæigenda (LS) telur að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni það ekki ná þeim markmiðum sem því er ætlað, þ.e. sátt um stjórnun fiskveiða. Þó vissulega hafi það verið krafa almennings að gjald skuli tekið af þeim aðilum sem falið hefur verið að nýta auðlindina, og koma afrakstrinum í verðmæti, eins og lagt er til í frumvarpinu, hefur það aldrei verið krafa almennings að breyta lögnum í átt til einokunar. Það yrði óhugnanlegt að upplifa að t.d. tvö fyrirtæki hefðu yfirráðarétt yfir öllum veiðiheimildum í ýsu, tegund sem veidd er af öllum botnfiskútgerðarflokkum.

LS er andvíggt því að hróflað verði við ákvæðinu um krótapak. Ákvæðið hefur reynst vel og orðið til að innan aflamarks ríkir samkeppni, þó ójöfn sé og án vafa haft mildandi áhrif í annars afar erfiðum deilum.

Minna má á að gríðarleg vinna fór fram við aðdraganda ákvæðisins og öllum mátti vera ljóst að ekki yrði við hróflað öðru vísi en þau rök sem notuð voru til grundvallar lagasetningunni teldust úreld. Þegar farið er yfir athugasemdir með frumvarpi og nefndaráliti um þetta efni kemur í ljós að svo er ekki. Helstu röksemdir eru þessar:

1. Að koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki verði of ráðandi í veiðum á einstökum tegundum, án þess þó að skerða um of möguleika útgerðarfyrirtækja til hagræðingar og sérhæfingar varðandi veiðar á einstökum tegundum.
2. Að tegundir sem veiddar eru af flestum þeim skipum og bátum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni (ýsa, ufsi) skuli vera með lágt kvótapak.
3. Að koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki geti orðið það stór að það beinlínis hamli eðlilegri samkeppni í útgerð. M.ö.o. að setja reglur til að tryggja að þeir sem fyrir eru í útgerð verði ekki svo öflugir að þeir geti

með samtakamætti sínum komið í veg fyrir að nýir aðilar komi inn í útgerðina og þannig lokað á eðlilega samkeppni. Í ljósi mikilvægi útgerðar fiskiskipa fyrir íslenskan þjóðarbúskap sé varhugavert að örfáir aðilar öðlist of sterk yfirráð yfir fiskveiðiauðlindinni þar sem slíkt er ávísun á mikil völd í þjóðfélaginu, þ.a. staða þeirra sem ráða útgerðarfyrirtækjunum geti orðið of sterk gagnvart stjórnvöldum, lánastofnunum og starfsfólki.

4. Það sem íslenskt þjóðfélag stendur og fellur með afkomu sjávarútvegsins geta stjórnvöld ekki tekið þá áhættu að hann komist undir yfirráð eins eða tveggja fyrirtækja. Ef slíkir burðarásar lentu svo í erfiðleikum hefði það ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið.

Auk þessa fjögurra þátta skal bent á að nýjustu rannsóknir benda til þess að hér við landi sé ekki einn stofn - þorsks - heldur margir. Vegna þessa upplýsinga er mjög varhugavert að fækka þeim aðilum sem heimild hafa til nýtingar á auðlindinni.

Breytingar á ákvæðinu um kvótapak kallar á enn meiri sameiningu, þar með fækkun fyrirtækja sem færir afnotaréttinn á færri hendur. Breytingin fæli einnig í sér áframhaldandi byggðaröskun þar sem bæjar- og sveitastjórnir fá engu um það ráðið hvort rótgróin sjávarútvegsfyrirtæki verði einn daginn sameinuð, fyrirtækinu lokað og fólk skilið eftir atvinnulaust og með verðlausar eignir. Slík þróun mun leiða til aukinna deilna og óvissu um stjórnkerfi fiskveiða. Þá er ekki síður áhyggjuefni að þessi framþróun heftir framfarir innan greinarinnar þar sem samkeppni mun dvína. Breytingin er einnig afar ósanngjörn þar sem aðgengi að fjármagni er mjög mismunandi eftir fyrirtækjum. Hægt er að fullyrða að reglur sem um þetta gilda eru á engan hátt í takt við rekstur og rekstrarafkomu fyrirtækjanna, heldur taka nánast einvörðungu mið af skuldsetningu viðkomandi við sína lánastofnun og styrkleika hennar til lántöku á erlendum markaði. Ljóst er að minni aflamarksútgerðir búa ekki við slíkar aðstæður. Verði þessu ákvæði frumvarpsins haldið til streytu telur LS rétt að breyta lögunum til þess vegar að þau jafni þennan aðstöðumun líkt og gert er milli krókaaflamarks og aflamarks. Óheimilt verði að flytja veiðiheimildir frá útgerðarflokki minni skipa til útgerðarflokks stærri skipa.

Línuveiðar dagróðrabáta njóti ívilnunar

Það veldur LS vonbrigðum að ekki skuli í frumvarpinu gerð tilraun til að auka atvinnu í hinum dreifðu byggðum, né heldur að hvetja til umhverfisvænna veiða.

Með tilkomu kvótasetningar krókabáta var mjög vegið að þeim veiðum. Alvarlegir rekstrarerfiðleikar hafa nú þegar gert vart við sig hjá þeim bátaflokk og mikill samdráttur er fyrirsjáanlegur í línuveiðum. LS telur að úr því sem komið er sé besta lausnin til að koma í veg fyrir þessa mjög svo neikvæðu þróun að sett verði inn ákvæði í frumvarpið sem eflir línuveiðar dagróðrabáta. Ákvæðið yrði þannig að 80% af línuafli dagróðrabáta teldist til aflamarks eða krókaaflamarks. Yrði þessi ráðstöfun trúlega sú fyrsta þar sem sjávarbyggðirnar yrðu beintengdar úthlutun aflamarks og krókaaflamarks með mjög einföldum hætti.

Auk þess sem áður er fram komið um nauðsyn þess að efla umhverfisvænar veiðar og auka atvinnu í hinum dreifðu byggðum mundi breytingin leiða til þess að aflasamsetning breytist þar sem netaveiðimenn mundu telja þetta fýsilegan kost. Þannig mundi draga úr sókn í elstu árgangana sem Hafrannsóknastofnun hefur talið ofnýtt. Allt tal um að ákvæðið yrði til að minnka hlut annarra í kerfinu er því marklaust þar sem auknar línuveiðar er ávísun á aukna úthlutun sem jafnast mundi út miðað við núverandi forsendur Hafrannsóknastofnunar um tillögu að heildarafla.

Áður hefur fram komið gríðarlegur munur á útflutningsverðmæti ferskra ýsufkala og sjófrystra, ákvæðið mundi því gefa meiri gjaldeyristekjur auk þess að gefa stjórnkerfinu jákvæðari ímynd þess eðlis að sérstakt tillit sé tekið til umhverfisvænna veiða við nýtingu fiskistofna við Ísland.

Stækkun krókaaflamarksbáta

Frumvarp það sem hér er til umsagnar gerir ráð fyrir að heimilt verði að stækka krókabáta úr 6 brl eða 6 brt. upp í 15 brt. LS leggur til að þessu verði breytt þannig að miðað verði við 10 brl. Helstu ástæður þess eru:

1. Tilkoma aflamarks á alla báta 6 brl. að 10 brl. 1. janúar 1991 varð til þess að veiðiheimildir þessara báta fluttust í verulegum mæli á stærri skip. Bátunum fækkaði um nokkur hundruð og eru nú aðeins 130. Veiðiheimildir þessara báta eru frá því að vera nánast engar upp í að vera viðunandi. Óveruleg nýsmíði hefur átt sér stað í þessum hópi enda veiðiheimildir ekki gefið tækifæri til endurnýjunar. Með breytingartillögu LS væri þessum aðilum gefið tækifæri á að komast inn í krókaaflamarkið með meiri veiðiheimildir en þeir hafa í dag. Það er mat undirritaðs að lækkun úr 15 brt. í 10 brl. muni ekki leiða til stórfelldrar verðlækkunar báta í krókaaflamarki eins og veruleg hættu er á ef miðað væri við 15 brt. Einkum er það vegna mikils mismunar á aflheimildum báta milli 6 og 10 og 10 og 15, afkastagetu bátana,

endurbóta sem hefur verið talsverð á bátum milli 10 og 15, en eins og áður sagði nánast engin á bátunum milli 6 og 10.

2. Við framkvæmd laga um kvótasetningu krókabáta lækkaði verðmæti bátanna um hundruði milljóna. Dæmi um verðlækkun einstakra báta 15 milljónir niður í 10 milljónir. Ástæður þessa var skerðing á veiðiréttindum og að veiðum þeirra var ekki lengur stjórnað með fjöldatakmörkunum. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að eigendur bátana hafa nánast engin veð til að sýna við lántöku sem ætlað er í að kaupa sér hluta af þeim aflaheimildum sem kvótasetningin hafði í för með sér. Með því að heimila stækkun upp að 15 brt. mundi verðmæti bátanna enn minnka þar sem allir bátar sem nú eru á stærðarbilinu 6 - 15 brl. hefðu heimild til að fá veiðileyfi í krókaafلامarki. Tillaga um stækkun upp í 15 brt. yrði ekki til að auðvelda aðlögun að gjörbreyttu starfsumhverfi.
3. Við smíði og breytingar þorksaflahámarksbáta var beitt ýmsum æfingum við mælingar. Við skoðun hefur komið í ljós að allir bátarnir eru óumdeilanlega minni en 10 brl. Stærðarmörkin 10 brl. segði því betur til um stærð bátana en 6 brl. eða 6 brt. og gæfi mönnum tækifæri á að útbúa bátanna eins og þeir höfðu ráðgert án þess að fá endalausar athugasemdir frá Siglingastofnun.

Ekki verður hjá því komist að minna á að LS hefur barist fyrir því að við strendur landins sé til staðar öflugur smábátafloti. Ein af forsendum þess að svo verði áfram er að hann haldi sínum sérkennum. Krókaafلامarke batar hafa slíkt í dag, eru minni en flestir bátar í aflamarki, eru með að hámarki 2 menn í áhöfn, er óheimilt að nota önnur veiðarfæri við botnfiskveiðar en línu og handfæri og er óheimilt að framselja veiðiheimildir til báta og skipa í aflamarkskerfinu. Hætta er á að ef bátum allt að 15 brt. verði heimilað veiðileyfi í krókaafلامarki muni sérstaða smábátsins brátt hverfa. Gríðarlegur munur er á 4 tonna bát og 15 brt. hvað stærð og umfang við útgerðina snertir. Dæmin sýna að við slíkar aðstæður leita veiðiheimildir upp til stærstu bátana og þeir minni tyna tölunni. Þá er 15 brt. bátur kjörinn til að stunda neta- og snurvoðaveiðar og mundi því fljótt koma krafa frá þessum aðilum að fá þann rétt sem er í aflamarkskerfinu, að ráða því hvaða veiðarfæri væri notað. Erfitt væri um mótrök við slíkri kröfu þar sem bátar jafnvel minni en þeir hefðu slík réttindi.

Veiðigjald

Stjórn Landssambands smábátæigenda ályktaði um skýrslu Auðlindanefndar 4. október 2000. LS ítrekar það sem þar kemur fram:

„Landssamband smábátæigenda fagnar skýrslu Auðlindanefndar og telur hana vera gott innlegg í sjávarútvegsmálaumræðuna, auk þess sem hún staðfestir mikilvægi sjávarútvegsins í lífskjörum þjóðarinnar.

Þá telur Landssamband smábátæigenda ábendingar frá nefndinni geta stuðlað að auknu starfsöryggi í greininni og jöfnuði innan hennar. Má þar nefna misræmi í skattareglum einstaklingsútgerðar og útgerðar á hlutabréfamarkaði.

Stjórn Landssambands smábátæigenda mótmælir afskiptum nefndarinnar af lögum um stjórn fiskveiða þar sem nefndin hafi ekkert umboð til að taka afstöðu um þau veiðikerfi sem eru í gildi og kemur tillögu Auðlindanefndar ekkert við. Slíkt sé verkefni nefndar á vegum sjávarútvegsráðherra sem vinnur að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Landssamband smábátæigenda telur það ljóð á störfum Auðlindanefndar að ekki sé skýrt skilið á milli sjávarútvegsfyrirtækja og fyrirtækja sem eingöngu stunda fiskveiðar. Tekin eru dæmi í skýrslunni um hagnað sjávarútvegsfyrirtækja á verðbréfaþingi og lögð til grundvallar tilkomu auðlindagjalds, þegar ljóst er að fyrirtæki sem stunda fiskveiðar skuli greiða gjaldið, fyrirtæki sem að mati Þjóðhagsstofnunar töpuðu 3,2 milljörðum árin 1997 og 1998.

Í þingsályktunartillögu sem Auðlindanefnd var gert að starfa eftir er tekið fram að gjaldtaka skuli vera hófleg. Þegar horft er til útreikninga Þjóðhagsstofnunar á afkomu fiskveiða er lítið borð fyrir báru með það auðlindagjald sem útgerðin greiðir í dag. Verði það hins vegar niðurstaða Alþingis að hækka opinber gjöld á þeim sem fiskveiðar stunda leggst LS gegn því að farin skuli svokölluð fyrningarleið. LS lýsir sig reiðubúið til viðræðna um útfærslu.

LS leggst gegn tillögum Auðlindanefndar um ráðstöfun á veiðigjaldi.

Að lokum vill LS benda á að á sama tíma og niðurstaða Auðlindanefndar liggur fyrir þar sem m.a. er staðfest að ekki er svigrúm fyrir hærri gjaldtöku á sjávarútvegi, eru tugir milljarða að flæða úr landi án þess að skattur hafi verið greiddur. Hluti þessara fjármuna hefur komið frá útgerðinni, en þrátt fyrir misserisgamlar viðvaranir ríkisskattstjóra hafa stjórnvöld ekki séð ástæðu til breytinga. Landssamband smábátæigenda telur að tekjur sem þjóðin

hafi þarna orðið af svari til margra ára greiðslu auðlindagjalds og beri með sér skilaboð um að betra sé að huga vel að þeim sköttum sem í gildi eru áður en nýir komi til framkvæmda.“

Í lok þessa kafla er rétt að taka fram að svigrúm smærri útgerða til hagræðinga er ekki mikið. Þær sækja sér ekki fé til almennings og sjóða hans í formi aukins hlutfjárútbóðs. LS vekur athygli á að boðuð aukinn gjaldtaka kann að verða margri smáútgerðinni um megn og leggur til að sá aðstöðumunur sem hér er upplýstur verði metinn, þannig að útgerðarfyrirtæki sem eru á hlutabréfamarkaði greiði hærra veiðigjald heldur en einstaklingsútgerðir.

Ákvæði til vísindaveiða

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að: „Afli sem veiddur er í rannsóknaskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar fellur ekki undir ákvæði laga þessara.“

LS er ekki í vafa um að full þörf er á öflugum vísindastarfi. Í athugasemdum við greinina er sagt að með ákvæðinu er „tryggður lagagrundvöllur fyrir því að Hafrannsóknastofnunin geti stundað rannsóknir á nytjastofnum sjávar með veiðum á þeim án þess að reglur laganna um aflahlutdeild og aflamark eigi við um þær veiðar.“ LS telur að ekki sé rétt að gera upp á milli aðila sem vilja stunda vísindastarf hér við land, enda er það engum hollt að hafa ekki samkeppni.

LS leggur til að greinin orðist svo:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að veita leyfi til veiða í rannsóknaskyni og skal afli vegna slíkra leyfa ekki falla undir ákvæði laga þessara.

Reglur um færslu á krókaafلامarki og flutningi óveiddra heimilda milli ára

Fiskveiðiárið 2001/2002 hefur um margt verið mjög óeðlilegt fyrir eigendur krókaafلامarkeisbáta. 1. september var þeim úthlutaður kvóti í þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Þá var boðuð kvótasetning í keilu og löngu og lengst af áttu þeir ekki að fá að njóta aflareynslu undangenginna ára. Þá var boðuð viðbót á veiðiheimildir í ýsu, steinbít og ufsa, bæði varanlegar heimildir og aukning krókaafلامarkeis. Einnig voru boðaðar viðbætur í þessum tegundum sem úthlutað yrði samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setti. Þó nú sé liðið á síðari hluta fiskveiðiársins er þessum úthlutunum ekki enn lokið. Vegna þessa hafa eigendur átt mjög erfitt með að gera áætlanir fyrir fiskveiðiárið. Margir standa frammi fyrir því að hafa fengið

úthlutað ýsu nú í febrúar og geta ekki veitt hana þar sem aðal ýsuveiðitíminn er september - desember svo dæmi séu tekin.

LS fer þess hér með á leit við htv. sjávarútvegsnefnd að engar takmarkanir verði á flutningi krókaafلامarks milli krókabáta, ennfremur að heimilt verði án takmarkana að flytja óveiddar veiðiheimildir milli fiskveiðiára. Beiðnir þessar eiga eingöngu við fyrir þetta fiskveiðiár.

Varðandi framtíðarreglur um flutning krókaafلامarks telur LS sig geta sætt sig við 50%, þ.e. hækkun úr 30% í 50%.

Virðingarfyllt
fh. Landssambands smábátæigenda



Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1660
komudagur 5.4.2002

Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. apríl 2002.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. 127. löggjafarþing 2001–2002. Þskj. 882 - 562. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og hefur nefndin farið yfir frumvarpið og á fundum sínum samþykkt neðangreinda umsögn.

Taka verður fram, að nefndinni bárust einnig spurningar frá sjávarútvegsnefnd í fimm liðum og var óskað svara við þeim með umsögn um frumvarpið. Til hvorutveggja, umsagnar um frumvarpið sjálft og svara við spurningum, var gefinn mjög skammur frestur í ljósi umfangs og mikilvægis málsins. Laganefnd telur, að svara við spurningum sínum verði sjávarútvegsnefnd að leita annarsstaðar og bendir á, að ekki verður til þess ætlast af lögmönnum eða öðrum lögfræðingum að svara jafn umfangsmiklum spurningum nema ætla til þess þann tíma og fé, sem þarf til þess að semja veigamiklar lögfræðilegar álitserðir.

Frumvarpið. Segja má, að efni frumvarpsins skiptist í þrjá meginþætti:

1. Álagningu veiðigjalds.
2. Breytingar á reglum um hámark aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila og flutning á aflamarki á milli skipa.
3. Stjórnsýslulega tiltekt í lögum nr. 38/1990 og skýrari reglur um tilkynningar til Fiskistofu og hverju misbrestur varði.

Fjallað verður stuttlega um hvern ofangreindra þátta fyrir sig.

1. **Álagning veiðigjalds.** Alkunnar er, að hatrammar deilur hafa staðið í nokkur ár um fyrirkomulag stjórnunar fiskveiða við Ísland, eða undir eftirliti Íslands. Samkvæmt frumvarpinu var tilgangur með stofnun auðlindanefndar, nefndar sjávarútvegsráðherra um tillögur að breytingar á lögum 38/1990 og nú flutningi frumvarpsins að setja niður deilur í þjóðfélaginu um eignarhald og afnotarétt nytjastofna sjávar. Laganefnd LMFÍ tekur enga afstöðu til þeirra deilna, sem staðið hafa, né hvort frumvarpið sé líkleg, stjórnmálaleg, leið til þess að setja þær niður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir álagningu veiðigjalds í stað núverandi veiðieftirlitsgjalds, sem komi þó ekki til framkvæmda fyrr en í þrepum á árunum 2004 til 2009. Laganefnd er ekki ljóst, hvaða stjórnmálalega nauðsyn bar til þess að hafa ákvæði um veiðigjald í þessu frumvarpi, ásamt með öðrum breytingum sem stafa af allt öðrum ástæðum og leggur í sjálfu sér ekki mat á þau stjórnmálalegu álitamál.

Þeirri skoðun hefur aukizt mjög fylgi meðal lögfræðinga og hagfræðinga undanfarna áratugi, að þeir skuli greiða fyrir kostnað af eftirliti, sem hafa hag af því að eftirlitsstofnanir séu reknar. Í samræmi við þetta er a.m.k. eðlilegt, að útgerðir fiskiskipa greiði kostnað við rekstur Fiskistofu. Þótt Hafrannsóknastofnun sé rekin í þágu þjóðarinnar allrar, er þó ljóst að þeir sem stunda fiskveiðar njóta afraksturs af störfum stofnunarinnar mjög umfram aðra. Því sýnist eðlilegt, að útgerðir fiskiskipa greiði einnig gjald í ríkissjóð sem nægi til þess að greiða kostnað við rekstur Hafrannsóknastofnunar, að minnsta kosti að svo miklu leyti sem starfsemin kemur þeim beinlínis í hag.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir veiðigjaldi, sem nægi til þess að greiða kostnað Fiskistofu við stjórnun og eftirlit og $\frac{3}{4}$ af núverandi kostnaði Hafrannsóknastofnunar auk frekari kostnaði stofnunarinnar við auknar rannsóknir. Með vísan til þeirra sjónarmiða, sem getið er í upphafi næstu málsgreinar að framan, sýnist veiðigjald að minnsta kosti ekki of hátt, og hafa þá ekki verið höfð til hliðsjónar hagfræðileg sjónarmið um afgjald af auðlindarentu.

Taka verður fram, m.a. með vísunar til spurningar sjávarútvegsnefndar merktrar e., að ekki verður séð að það brjóti í bága við jafnræðisreglu 65. stjórnarskrár nr. 33/1944 með síðari breytingum, að **allir** greiði **samskonar** gjald miðað við úthlutaðar aflaheimildir, án tillits til raunverulegs verðmætis, sem fært er að landi.

- 2. Breytingar á reglum um hámark aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila og flutning á aflamarki á milli skipa.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að víkka nokkuð ákvæði núverandi 11. gr. a laga nr. 38/1990 um samlagða aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Til þessarar breytingar tekur laganefnd LMFÍ ekki afstöðu, en bendir á að mjög eru til bóta skilgreiningar á tengdum aðilum, sem lagðar eru til í 6. gr. frumvarpsins, sem yrði að nýrri 11. gr. a í lögnum.
- 3. Stjórnarsýsluleg tiltekt í lögum nr. 38/1990 og skýrari reglur um tilkynningar til Fiskistofu og hverju misbrestur varði.** Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til, að 14. gr. núverandi laga falli niður og getur laganefnd tekið undir þær röksemdir, sem fyrir því eru færðar í athugasemdum með frumvarpinu. Í 9. gr. er lagt til, að við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem varðar tilkynningu til Fiskistofu á eigendaskiptum á fiskiskipum, sem leyfi hafa til fiskveiða í atvinnuskyni, eða aðra breytingu á útgerðaraðild. Þetta nýmæli er mjög til bóta.

Að öðru leyti en að ofan er greint tekur laganefnd LMFÍ ekki afstöðu til frumvarpsins, þar á meðal ekki hvort skynsamleg sé sú breyting á 1.-3. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1990, sem lögð er til í 4. gr. frumvarpsins, en bendir á vanda sem rísa kynni um mat á málefnalegum sjónarmiðum við þá úthlutun, sem þar er tiltekin.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 127/1138
komudagur 12.3.2002

Til sjávarútvegsnefndar vegna 562. máls:

Um Rf gildir eftirfarandi:

“Hlutverk Rf er að stunda rannsóknir, framkvæma mælingar og prófanir, veita ráðgjöf, miðla upplýsingum og annast fræðslu á þekkingar- og þjónustusviðum sínum. Rf annast miðlun þekkingar með markvissri úrvinnslu og dreifingu upplýsinga sem aflað er með eigin rannsóknum og tengslum við erlenda gagnabanka”.

Rf hefur ekki tekið afstöðu til laga um stjórnun fiskveiða og mun því ekki senda inn umsögn um framangreint frumvarp.

Með kveðju,
Kristján B. Ólafsson,
forstjóri Rf.



RAUFARHAFNARHREPPUR

Aðalbraut 2 · 675 Raufarhöfn · Sími 465 1151 · Fax 465 1121


Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2115
komudagur 10.5.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Raufarhöfn 07.05.2002.


Sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps tók fyrir á fundi sínum 23. apríl s.l frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umrætt frumvarp. Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt.



Reynir Þorsteinsson - sveitarstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 127, 2002
komudagur 18.4.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 15. apríl 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 11. apríl s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 7. mars 2002 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“ Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

komudagur 22. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

21. mars 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.

Samtök eigenda sjávarjarða hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál. Stjórn Samtakanna hefur skoðað frumvarpið og bendir á eftirfarandi.

Samtök eigenda sjávarjarða og Bændasamtök Íslands hafa ítrekað komið þeirri kröfu sinni á framfæri að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný og staðfestur í fiskveiðilögum. Frumvarpið tekur ekkert á þessu atriði. Við óskum því eftir að inn í frumvarpið komi eftirfarandi ákvæði:

Virtur og viðurkenndur er einkaréttur sjávarjarða (eigenda/ábúenda) til veiða innan netlaga svo og réttur þeirra til fiskveiða á nálægum og hefðbundnum fiskimiðum. Reglugerð kveði á um magn veiða og hvaða reglum þær skuli háðar.

Vart þarf að minna á að svæðið innan netlaga er hluti af viðkomandi jörð og því einkaeign jarðareiganda. Svæðið innan netlaga er hluti af sjávarauðlindinni í heild og mikilvægt uppeldissvæði margra fiskistofna. Lífríkið og sjórinn innan og utan netlaga er ein hreyfanleg heild sem gefur sjávarjörðum sérstakan rétt til fiskveiða utan netlaga, auk þess sem jafna má réttinum til fiskveiða utan netlaga við afréttarréttindi til landsins.


Til þess að vinna ofangreinda reglugerð leggjum við til að skipaður verði starfshópur sem hafi eftirfarandi hlutverk. Að ákvarða hvaða jarðir eigi að njóta útræðisréttarins, að móta þær leiðir og leikreglur sem slíkar veiðar mundu fara eftir og ákvarða hver verði hlutdeild sjávarjarða í heildar fiskveiðum á kvótabundnum tegundum. Við gerum það að tillögu okkar að starfshópurinn verði skipaður einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila; sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum eigenda sjávarjarða, Byggðastofnun eða iðnaðarráðuneyti, Landsambandi smábátaeigenda og Bændasamtökum Íslands.

Í athugasemdum sem fylgja lagafrumvarpinu er greint frá nk.verklýsingu til nefndar þeirrar sem falið var að endurskoða fiskveiðistjórnarlögin. Þar kemur fram að markmið breytinganna er m.a að ná sátt um fiskveiðistjórnarkerfið og taka tillit til hagsmuna byggða og almennings í landinu.

Við bendum á, að um frumvarp þetta eru nú þegar umtalsverðar deilur og ljóst er að það tekur aðeins að litlu leyti tillit til ofangreindra markmiða. Við látum hins vegar nægja að benda á útræðisrétt sjávarjarða, viðurkenningu á honum þarf nauðsynlega að koma inn í frumvarp um stjórn fiskveiða.

Þá förum við þess vinsamlegast á leit við Sjávarútvegsnefnd Alþingis að stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða fái tækifæri til þess að hitta nefndina og skýra sín sjónarmið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka eigenda sjávarjarða


Ómar Antonsson, formaður

Meðfylgjandi er:
Álitsgerð Más Péturssonar
um útræðisrétt jarða.

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis.

Umsögn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.

Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar lýsir sig andvíga framagreindu frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða í heild.

Samtökin telja að þær breytingar sem í frumvarpinu felast muni á engan hátt þjóna þeim markmiðum sem tilgreind eru í athugasemdum með því, (bls.5) og nefnd þeirri sem endurskoða átti löggin bar að vinna eftir , heldur fremur gera illt verra.

Stjórn SFAÚ skorar því á háttvirtra Sjávarútvegsnefnd að hafna ofangreindu frumvarpi.

Nánar :

Í mars árið 2000 gáfu Samtök fiskvinnslu án útgerðar út ítarlega skýrslu um sjávarútvegs mál, undir heitinu *Gjörbreytt sjávarútvegsstefna er þjóðarnauðsyn.* Í skýrslunni voru raktir þeir alvarlegu vankantar sem SFAÚ telur að felist í núverandi lögum um stjórn fiskveiða og framkvæmd þeirra.

Þar var einnig gerð grein fyrir tillögum samtakanna um róttækar breytingar, sem komið gætu á eðlilegu jafnræði í atvinnugreininni og myndu stórauka þjóðhagslega arðsemi hennar.

Skýrslan var send öllum alþingismönnum ,ásamt sérstakri áskorun til þeirra, sem henni fylgdi.

Af gefnu tilefni ítreka Samtök fiskvinnslu án útgerðar hér með þessa áskorun sína til háttvirtra alþingismanna.

Meðfylgjandi er ljósrit af umræddri áskorun.

Stjórn SFAÚ lýsir áhuga á að koma á fund háttvirtrar Sjávarútvegsnefndar vegna þessa máls.

Reykjavík 13 mars 2002.

Virðingafyllst
Stjórn SFAÚ

*Ólafur Þór Leifsson
Jón Steinn Þósson
Björgvin Þóttar*

*Þorsteinn Einarsson
Kris Björnsson*

Áskorun til alþingismanna

Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar beinir hér með þeirri eindregnu áskorun til háttvirtra þjóðkjörinna fulltrúa á Alþingi Íslendinga, að þeir taki höndum saman um að beita sér nú þegar fyrir því, að fram fari róttæk endurskoðun á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða og á grundvelli þeirrar endurskoðunar verði mótuð og sett ný löggjöf.

Stjórn SFÁÚ telur að núgildandi lög fái ekki staðist, því með framkvæmd þeirra sé farið á svig við stjórnarskrárbundin ákvæði um jafnræði og atvinnufrelsi þegnanna. Af þeim leiði að mikið ójafnræði og samkeppnisleg mismunur er ríkjandi í atvinnugreininni með þeim afleiðingum að þjóðhagsleg arðsemi hennar sé miklu minni en ella væri. Lögin vinni því gegn lögbundnum markmiðum sínum og er stór meirihluti þjóðarinnar andvígur þeim.

Ný löggjöf um sjávarútveg á Íslandi verður að uppfylla þau skilyrði; að vera réttlát og stuðla að skynsamlegri og arðbærri nýtingu fiskimiðanna samtímis því að virða stjórnarskrárbundin ákvæði um jafnræði og atvinnufrelsi þegnanna.

Eina leiðin til þess að ná ofangreindum markmiðum er sú, að mati SFÁÚ, að afnema núverandi eignarhaldskerfi í fiskveiðunum og skapa sjávarútveginum löggjöf sem myndar grundvöll fyrir markaðsvæðingu atvinnugreinarinnar á forsendum jafnræðis og frjálsrar samkeppni milli allra sem þar starfa. Tillögur SFÁÚ í meðfylgjandi skýrslu eru reistar á þeim forsendum. Engin vafi er á, að þjóðarsátt myndi skapast um löggjöf sem uppfyllti fyrrgreind skilyrði.

Því hvílir sú vandasama skylda á öllum alþingismönnum að taka höndum saman um mótnun nýrra laga sem skapi til frambúðar lagalega umgjörð fyrir greinina. Stjórn SFÁÚ óskar háttvirtum alþingismönnum velfarnaðar í störfum sínum og lýsir yfir fullu trausti á þeim til þess að takast á við þetta vandasama verkefni.

28. mars 2000

Stjórn SFÁÚ

Ólafur Þorlacur
Björgvin Hjartmann
Þrustur Smundur
Jónsáir Elisson
Ólafur Þorlacur

Reykjavík 22. mars 2002

Nefndarsvið Alþingis
b.t. sjávarútvegsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva um frumvarp sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Á stjórnarfundum Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var 14. mars sl. var frumvarpið tekið til umfjöllunar og mætti Einar K. Guðfinnsson, form. sjávarútvegsnefndar á fundinn og gerði grein fyrir frumvarpinu og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Að loknum umræðum var undirrituðum falið að koma eftirfarandi sjónarmiðum SF á framfæri við sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Í ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var 5. október 2001 var ítekað að tillögur Auðlindanefndar um gjaldtöku fyrir afnot af auðlindum gætu lagt grunn að samkomulagi um auðlindagjald á sjávarútveg, enda verði gjaldtakan mjög hófleg og jafnræðis verði gætt á milli atvinnugreina.

Það voru því mikil vonbrigði að endurskoðunarnefnd um stjórn fiskveiða margklofnaði í álitinu sínu síðasta haust. Tillögur meirihluta nefndarinnar gerðu ráð fyrir kostnaðar- tengdu veiðigjaldi og afkomutengdu auðlindagjaldi á sjávarútveginn. Þá var einnig gert ráð fyrir auknu frjálsræði og að heimilt væri að skrá aflahlutdeild á fiskvinnslustöðvar og rýmkaðar verði reglur um hámarksaflahlutdeild fyrirtækja.

Í niðurlagi ályktunar aðalfundar SF síðasta haust sagði að umfram allt verði að tryggja öruggt starfsumhverfi og eyða þeirri óvissu sem sjávarútvegurinn býr við, þannig að greinin geti fengið að þróast til framtíðar með eðlilegum hætti.

Frumvarp sjávarútvegsráðherra fjallar að mestu um nýjar álögur á sjávarútveginn í formi afkomutengds veiðigjalds sem fari stighækkandi á næstu árum auk þess sem gert er ráð fyrir rýmkuðum reglum um hámarksaflahlutdeild fyrirtækja.

Ályktun aðalfundar SF ber með sér að megináherslan er á öruggt starfsumhverfi í sjávarútvegi með auknu frjálsræði og heimilt verði að skrá aflahlutdeild á fiskvinnslustöðvar og rýmkaðar verði reglur um hámarksaflahlutdeild fyrirtækja.

Algjör forsenda fyrir því að undirgangast veiðigjald á sjávarútveginn var og er að mati SF að gjaldtaka fyrir afnot af auðlindum verði mjög hófleg og jafnræðis verði gætt á milli atvinnugreina.

Ekkert bólar nú á umræðum um að jafnræðis fyrir afnot af auðlindum skuli gætt á milli atvinnugreina. Eingöngu er lagt til að sérstök gjaldtaka verði tekin upp á sjávarútveginn.

Ákvæði um að heimilt verði að skrá aflahlutdeild á fiskvinnslustöðvar er ekki að finna í frumvarpinu. Aftur á er þar að finna rýmkaðar reglur um hámarkaflahlutdeild fyrirtækja.


Í ljósi ofanritaðs leggst stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva alfarið gegn meginefni frumvarpsins þar sem fjallað er um auknar gjaldtökur á sjávarútveginn.

Stjórnin telur aftur á móti að rýmkaðar reglur um hámarksaflahlutdeild séu til verulegra bóta. Jafnframt er því varpað fram hvort ekki verði nægilegt að miða hámarksaflahlutdeild einstakra aðila við hámark 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla og fella jafnframt niður hámarksaflahlutdeild á einstakar tegundir.

Stjórnin lýsir yfir stuðningi við 1. grein frumvarpsins þar sem fjallað er um að allur afli sem veiddur er í rannsóknaskyni á vegum Hafrannsóknastofnuar falli utan ákvæða laganna.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Samtaka fiskvinnslustöðva


Arnar Sigurmundsson, formaður


Ágúst H. Elíasson, frkvstj.



Selfossi, 22. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1489
komudagur 25.3.2002.

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 20. mars sl., voru eftirfarandi þeingmál frá Alþingi tekin til umsagnar:


Eftirfarandi umsagnir voru samþykktar:

- a. Frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál.
Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.
- b. Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þorskeldi, 56. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- c. Tillaga til þingsályktunar um áfallahjálp innan sveitarfélaga, 141. mál.
Stjórn SASS tekur er undir meginhugmynd tillögunnar en telur eðlilegt að umsjón með skipulegri áfallahjálp verði falin heilsugæslustöðunum.
- d. Frumvarp til laga um eldi nytjastofna, 333. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.
- e. Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.
Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.
- f. Tillaga til þingsályktunar um flutning verkefna frá stjórnarsýslustofnunum til sýslumannsembættanna á landsbyggðinni, 488. mál.
Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.
- g. Tillaga til þingsályktunar um aukabæing Alþingis um byggðamál, 24. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- h. Frumvarp til umferðarlaga, 140. mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.

- i. Frumvörp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, fjáráukalög, og 28. mál fjáráukalög 2001.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpanna.
- j. Tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lághitasvæði, 192. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.
- k. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/1499
komudagur 25.3.2002

25. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða

Í bréfi sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 7. mars 2002 sl., var óskað umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 562. mál 127. löggjafarþings.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til frumvarpsins í heild en bendir á eftirfarandi atriði sem varða útfærslu þess:

Almennt er viðurkennt að ef ekki eru ágallar á útfærslu hafa rentuskattar á borð við veiðigjald ekki í för með sér þess konar skekkjandi áhrif á ákvarðanatöku skattgreiðandans sem fylgja venjulegri skattlagningu. Að þessu leyti er jákvætt ef iekjuoíiun ríkisins færir í einhverjum mæli frá skekkjandi sköttum yfir í rentuskatta.

Samkvæmt frumvarpinu verður tekjum ríkisins af veiðigjaldi ráðstafað með öðrum skatttekjum. Benda má á að tekjur af gjaldinu verða tiltölulega miklar þegar vel aflast eða verð sjávarafurða er hátt, en minni þegar verr árar í sjávarútvegi. Ennfremur er vel þekkt að sveiflur í verðmæti útfluttra sjávarafurða eru meðal helstu sveifluvalda í íslensku efnahagslífi. Því kæmi til greina að hugleiða kosti þess að láta tekjur af gjaldinu renna að hluta til í sjóð sem ráðstafa mætti úr í efnahagslæggðum til tímabundinna skattalækkana eða sveiflujafnandi framkvæmda.

Ástæða þykir til að benda á ágalla á útreikningsaðferð veiðigjaldsins sem lýst er í c-lið 10. greinar frumvarpsins og útjöfnun veiðigjaldsins miðað við aflaheimildir í þorskígildum samkvæmt skilgreiningu þorskígilda í a-lið 10. greinar. Í fyrsta lagi er tekjuhugtak reglunnar, *aflaverðmæti*, að hluta byggt á viðskiptum milli deilda innan sama fyrirtækis. Þegar er fyrir hendi hvati til að vanreikna aflaverðmæti vegna áhrifa þess á launakjör sjómanna, og sá hvati mun heldur vaxa ef veiðigjald vex með vaxandi aflaverðmæti. Hagsmunir hvers fyrirtækis af því að vanreikna eigin aflaverðmæti eru að sönnu litlir, þar eð veiðigjaldið fer eftir heildarafla

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK


SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605


verðmæti, en þar sem vanreikningurinn þarf engu að breyta um raunverulega starfsemi, er ekkert sem vinnur á móti honum nema aðhald sjómanna að launasamningum. Í öðru lagi er kostnaðarhugtak reiknireglunnar of þröngt á heildina litið. Enginn varnagli er í reglunni sem tryggir að ekki sé tekið gjald umfram auðlindarentu og að gjaldið falli niður ef afrakstur veiðanna er ekki nægur til að standa undir afskriftum og vöxtum af nauðsynlegri fjárbindingu. Við það geta fjárfestingarákvarðanir skekkst ef of-taka veiðigjalds stendur lengi. Þar sem gjaldtaka virðist tiltölulega lítil miðað við líklega heildarentu af fiskistofnunum er þessi hættu þó sennilega ekki stórvægileg. Í þriðja og alvarlegasta lagi ber að benda á skekkju sem reiknireglan felur í sér varðandi gjaldtöku af veiðum einstakra tegunda. Álagning veiðigjalds byggist á aflamælingu í þorskígildum en þorskígildi eru reiknuð samkvæmt aflaverðmæti. Renta af veiðum einstakra tegunda fer hins vegar bæði eftir tekjum og útgjöldum. Ef hátt kílóverð fisktegundar er vegið upp af háum kostnaði við veiðar, getur útjöfnun veiðigjalds miðað við aflaverðmæti leitt til þess að gjaldtakan verði umfram rentu af nýtingu tegundarinnar og að veiðamar verði óarðbærar og leggist af, jafnvel þótt gjaldtaka sé hófleg á heildina litið. Útjöfnun veiðigjalds samkvæmt aflaverðmætisreiknuðum þorskígildum felur því í sér óhagkvæmni auk þess sem það samrýmist illa jafnræði að innheimta mishátt hlutfall raunverulegrar rentu eftir fisktegundum. Því er vert að gefa því gaum hvort ekki eru tók á að reikna þorskígildishlutfall fisktegunda eftir metinni rentu í viðkomandi veiðum fremur en aflaverðmæti.


Ástæða þykir enn fremur til að benda á að fyrirframgreiðsla veiðigjalds samkvæmt 10. grein kallar á skammtímafjármögnun sem væri óþörf ef gjaldið væri greitt eftir, t.d. samhliða uppgjöri virðisaukaskatts. Vegna ákvæðis í 10. grein e um að veiðigjald sé ekki afturkræft þótt veiðiheimild sé ekki nýtt, kann einnig að henta að taka fram að aflaheimildir, sem fluttar eru á milla ára, séu ekki gjaldskyldar nema einu sinni.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/1563
komudagur 24. 2002

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Siglufirði 27. mars 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Vísað er til bréfs Sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 7. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.


Á fundi bæjarráðs Siglufjarðar í dag, þann 27. mars var málið tekið til umfjöllunar og eftirfarandi bókað:

“Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Óskað er eftir umsögn Siglufjarðarkaupstaðar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Bæjarráð Siglufjarðar gerir þá athugasemd að komi til þess að lagt verði á sérstakt auðlindagjald á sjávarútveg í samræmi við ákvæði frumvarpsins telur bæjarráð eðlilegt að það gjald renni til þeirra samfélaga þar sem gjaldið er lagt á. Annað hafi í för með sér stórfellda og óæskilega fjármagnsflutninga á milli byggðarlaga.”

Ofangreindri umsögn bæjarráðs Siglufjarðar er hér með komið á framfæri með von um að hæstvirt Sjávarútvegsnefnd leggi til þær breytingar á frumvarpinu sem nauðsynlegar eru til þess að þetta nái fram að ganga.


Virðingarfyllst


Guðmundur Guðlaugsson
bæjarstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/1711
komudagur 8.4.2002

SIGLUFJÖRÐUR



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Siglufirði 5. apríl 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.

Vísað er til bréfs Sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 7. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál og áður sendrar umsagnar í bréfi okkar dags. 27. mars s.l.


Á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar fimmtudaginn 4. apríl s.l. var eftirfarandi breyting gerð á bókun bæjarráðs sem send var nefndinni í fyrri umsögn (viðbót feitiletruð og texti sem fellur út yfirstrikaður). Breytingin var samþykkt með öllum níu atkvæðum í bæjarstjórn:

“Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.


Óskað er eftir umsögn Siglufjarðarkaupstaðar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða. Bæjarráð Siglufjarðar er alfarið á móti auðlindagjaldi á sjávarútveg sama í hvaða formi það er en gerir þá athugasemd að komi til þess að lagt verði á sérstakt auðlindagjald á sjávarútveg í samræmi við ákvæði frumvarpsins telur bæjarráð eðlilegt að það gjald renni til þeirra samfélaga þar sem gjaldið er lagt á. Annað hafi í för með sér stórfellda og óæskilega fjármagnsflutninga á milli byggðarlaga.”

Ofangreindri breyttri umsögn bæjaryfirvalda á Siglufirði er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst


Guðmundur Guðlaugsson
bæjarstjóri





SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1537
komudagur 26.3.2002

Reykjavík 26. mars 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 562. mál.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar þess að nefnd sú sem skipuð var 28. september 1999 til að endurskoða löggin um stjórn fiskveiðanna skilaði af sér. Í skipunarbréfi nefndarinnar koma fram þau markmið er vinna skyldi að með endurskoðuninni. Þar segir m.a.:

„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.

Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Þess skal þó gætt að förna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bættu umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni.“

Að áliti Sjómannasambands Íslands er hvorki að finna í skýrslu nefndarinnar né í fyrirliggjandi frumvarpi ráðherra, um breytingu á lögnum um stjórn fiskveiðanna, þau markmið sem vinna átti að með endurskoðuninni.

Megin efni frumvarpsins, sbr. 10. gr. þess, er að útfæra veiðigjald á sjávarútveginn sem koma á til framkvæmda þann 1. september árið 2004. Sjómannasamband Íslands hafnar alfaraðið auðlindagjaldi á sjávarútveginn og fær ekki séð með hvaða hætti upptaka veiðigjalds eykur sátt um kerfið eða bætir umgengni um auðlindina. Auk þess hefur veiðileyfagjaldið ekkert með stjórn veiðanna að gera og á því ekki heima í lögum um stjórn fiskveiða.

Í 6. grein frumvarpsins er lagt til að hækkað verði það hlutfall sem samanlagðar aflahlutdeildir fiskiskipa mega vera, sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Þetta ákvæði virðist engan tilgang hafa enda er fyrirséð að því verði breytt eftir þörfum jafnhliða því sem stórútgerðirnar stækka. Sjómannasamband Íslands telur enga þörf á að rýmka reglurnar sem nú gilda um þetta og hafnar því frumvarpinu hvað þetta varðar.


Það alvarlegasta varðandi frumvarpið er að ekkert er tekið á þeim vandamálum er lúta að stjórn fiskveiðanna sjálfra. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki getur takmarkað stærð flotans og vegna frelsis útgerðarmanna til að framselja aflamark milli skipa hefur skipum fjölgað verulega á undanförunum árum án þess að nokkuð sé að gert. Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar hafa margsinnis bent á að skark á miðunum væri of mikið vegna of stórs fiskiskipaflota. Það þarf því ekki að koma á

óvart að hægt gangi að byggja upp okkar mikilvægustu fiskistofna. Brottkast hefur á undanförnum misserum verið fyrirferðamikið í umræðunni. Fiskistofa hefur lýst því yfir að brottkastið sé mest á kvótalausú skipunum. Þrátt fyrir framangreindar upplýsingar er engin viðleitni í frumvarpinu til að taka á þeim vandamálum er snúa beint að stjórnun fiskveiða og bættri umgengni um auðlindina.

Í frumvarpinu er sem sagt ekki gerð hin minnsta tilraun til að taka á þeim raunverulegu vandamálum sem snúa að stjórn veiðanna og brýnt er að taka á. Bent skal á í því sambandi að samtök sjómanna og útvegsmanna kynntu sjávarútvegsráðherra sameiginlegar tillögur sínar um með hvaða hætti væri hægt að fækka skipum í flotanum og draga úr brottkasti. Tillögurnar fólust í því að takmarka heimild útgerðarmanna til að framselja aflamark frá skipi og að takmarka hvað flytja mætti mikið aflamark til einstakra skipa. Í frumvarpinu er ekkert tillit tekið til tillagna þessara aðila. Tillögurnar voru málamiðlun milli þessara aðila, en Sjómannasamband Íslands telur að alfarið eigi að banna framsal aflamarks.

Sjómannasamband Íslands hafnar frumvarpinu í heild sinni og mótmælir sérstaklega 10. grein þess um veiðigjald. Verði frumvarpið að lögum er það ávísun á enn meiri illdeilur um stjórnkerfi veiðanna en verið hafa. Það er full ljóst að ekkert í frumvarpinu er til þess fallið að auka sátt sjómanna við fiskveiðistjórnunarkerfið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1562
komudagur 2.4. 2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 21. mars 2002.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða (562. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem miðar að umfangsmiklum breytingum á lögum um stjórn fiskveiða. Þótt Verslunarráð telji að betur færi á því að ýmsar þær takmarkanir sem frumvarpið kveður á um, sérstaklega 6. gr., falli niður, er að mati ráðsins ástæða til fagna að um minni takmarkanir er að ræða en samkvæmt núgildandi lögum. Verslunarráð geldur einnig varhug við þeirri veiðigjaldsprósentu sem kynnt er og telur að hún ætti að vera lægri, sérstaklega í ljósi þess að um nýja framkvæmd er að ræða og ekki er mikil reynsla af því að skattar séu lækkaðir. Að öðru leyti gerir ráðið ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
fh. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.



Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. mars 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, 562. mál.

Í frumvarpinu er að finna tillögu að tveim megin breytingum á gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Önnur kveður á um að eignarhlutur einstakra útgerða af heildarúthlutun geti án skilyrða aukist úr 8% af heild í kvótabundnum tegundum í 12% án skilyrða. Í gildandi lögum er eignarhlutur frá 8-12% skilyrtur dreifðri eignaraðild þar sem enginn einstakur eigandi má eiga meira en 20% í viðkomandi útgerð.

Í sömu grein er að finna ákvæði þess efnis að hlutur einstakra útgerða í ýsu, ufsa, karfa og grálúðu geti numið allt að 50% af heildarúthlutun sem er í gildandi lögum 10-20%. Hér er að mati félagsins of langt gengið hvað varða eignarhlut einstakra útgerða í nefndum fiskistofnum þó vafalítið fylgji því bæði kostir og gallar að einstök fyrirtæki í sjávarútvegi sameinist meir en orðið er.

Kostirnir felast vafalítið í sterkari einingum sem eiga að geta tryggt starfsfólkinu stöðugri atvinnu og betri kjör en smærri fyrirtækin allajafna geta. Einnig er líklegt að með hærri aflahlutdeild einstakra útgerða í einstökum tegundum þá aukist sérhæfnin sem aftur á að leiða til bættrar afkomu þeirra.

Líklegir ókostir eru aftur á móti þeir að þegar útgerðarfyrirtækjum fækkar þá munu þau smærri verða keypt upp af þeim sem öflugri eru og með samþjöppuninni þá flytjist bæði umsvif og atvinna til þéttbýlli staða sem leiðir enn til flóttu fólks af landsbyggðinni sem gengur þvert á fyrirheit stjórnvalda.

Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að lagt verði á veiðileyfagjald sem nemi 9,5% af tekjum að frádregnum ákveðnum kostnaðarpáttum. Gjaldið kemur til framkvæmda í áföngum, fyrst árið 2004 en síðan í áföngum en frá og með árinu 2009 að fullu.

Með þessu gjaldi, sem hefði numið á árinu 2001, m.v. 9.5% gjaldtöku, rúmlega tveimur milljörðum króna, er verið að sérskatta íslenskan sjávarútveg umfram aðrar atvinnugreinar og það sem verst er og órókréttast við þessa skattheimtu er það að með henni er verið að leggja auknar byrðar á landsbyggðina þar sem megnið af íslenskum útgerðum hafa þar aðsetur sitt. Þessi skattheimta gengur því þvert á fögur fyrirheit stjórnvalda um að stuðla að byggð vítt og breitt um landið.


Einnig hljóta menn að spyrja? Af hverju sérstakan skatt á þessa einu atvinnugrein? Af hverju ekki sérskatt á orkuvinnsluna sem nýtir fallvötnin og af hverju ekki að sérskatta ferðaþjónustuna sem er að selja afnot af landinu o.s.frv. Tæpast er verið að leggja sérskatt á sjávarútveginn vegna þess að greinin í heild sinni standi of vel, grein

Fagmenn til sjós og lands!

sem skuldar hátt í tvöhundruð milljarða króna. Við sem semjum um kaup og kjör vélstjóra á fiskiskipum við samtök útgerðarmanna verðum ekki varir við að þar sé að finna mikið fjármagn á lausu. Það birtist m.a. í því að greiðslur útgerðarinnar í styrktar- og sjúkrasjóð Vélstjórafélags Íslands eru svo naumar að ef miða ætti réttindi til bóta við þær þá mundu réttindi vélstjóra á fiskiskipum vera mun rýrari en réttindi þeirra sem starfa í landi eða á kaupskipum.

Einnig má nefna hér að vélstjórar fiskiskipa ásamt öðrum fiskimönnum eru, það undirritaður best veit, einu launþegar þessa lands sem ekki fá greitt af öllum launum í svokallaðan séreignalífeyrissparnað þar sem þeirra séreignasparnaður er m.v. kauptryggingu en ekki heildarlaun.

Til viðbótar má nefna það að ríkissjóður greiðir um þessar mundir niður laun sjómanna með hinum svokallaða sjómannaafslætti, sem nemur nú um einum milljarði króna á ári. Það er mat félagsins að eðlilegra sé að ríkið semji fyrst við útgerðina um að hún standi straum af öllum launum sjómanna áður en farið er að sérskatta greinina. Það lítur nokkuð kauðslega út í bókhaldinu að byrja á því að skattleggja en nota síðan bróðurpartinn af skattinum til þess að styrkja sama aðila.

Virðingarfyllst
f.h. Vélstjórafélags Íslands


Helgi Laxdal, formaður

Alþingi
Brindi nr. P 127/1516
komudagur 25.3.2002



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

25. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis dagsett 7. mars 2002, þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvörp um stjórn fiskveiða, 562 mál. og 161. mál. Hér með fylgja umbeðnar umsagnir.

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. 562. mál

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksaflahlutdeildir í einstaka tegundum verði hækkaðar. Í umsögn sinni um frumvarpið sem innleiddi ákvæðið um hámarskaflahlutdeildir (desember 1997) taldi Þjóðhagsstofnun að hætta væri á að þetta ákvæði leiddi til óhagræðis. Þá taldi stofnunin að samkeppnislög gefi stjórnvöldum möguleika á að grípa inn í ef það sýndi sig að mikil samþjöppun aflaheimilda leiddi til óæskilegrar hegðunar hjá útgerðarfyrirtækjum. Stofnunin benti einnig á þá sérstöðu sem aflaheimildir hafa. Í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi teljast þær ekki eign hinna einstöku útgerðarfyrirtækja og stjórnvöld geta því endurúthlutað aflaheimildunum ef þeim finnst einhver tiltekin úthlutun óæskileg.

Meginefni frumvarpsins er að veiðigjald skuli lagt á úthlutaðar aflaheimildir en jafnframt verði gjald í Þróunarsjóð og veiðieftirlitsgjald fellt niður. Sjávarútvegsráðuneytið mun hafa lagt til breytingar á stuðlum í útreikningi á veiðigjaldinu frá því sem er í þeirri útgáfu frumvarpsins sem Þjóðhagsstofnun fékk til umsagnar. Þessar breytingar eru í samræmi við endurskoðaða áætlun Þjóðhagsstofnunar um tekjur og kostnað útgerðar á árinu 2000. Hér á eftir verður miðað við þessar endurskoðuðu tölur.

Lagt er til að gjaldið verði reiknað út frá verðmæti afla allra íslenskra fiskiskipa á 12 mánaða tímabili sem lýkur 30. apríl, fjórum mánuðum áður en álagningartímabilið hefst. Þetta tímabil verður nefnt viðmiðunartímabil hér á eftir. Frá þeirri fjárhæð skal draga: 1) 6.218 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasolíu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals viðmiðunartímabilsins, 2) 17.568 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá árinu 2000 til meðaltals viðmiðunartímabilsins og 3) 39,8% af aflaverðmæti viðmiðunartímabilsins. Veiðigjaldið á svo að reikna sem 9,5% af þeirri fjárhæð sem kemur út þegar búið er að draga áðurnefndar fjárhæðir frá aflaverðmætinu. Þá skal deila með aflamagni tímabilsins í þorskígildum til að fá veiðigjald á hvert þorskígildi.

Grunnhugmyndin í þessum útreikningi er að gjaldið skuli lagt á áætlaða framlegð úr rekstri útgerðarfyrirtækja. Stuðlar í jöfnunni voru fundnir út frá upplýsingum um rekstur fyrirtækjanna árið 2000, en það er síðasta árið þar sem fyrir liggur áætlun Þjóðhagsstofnunar um heildarafkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Stofnunin áætlar nú að aflaverðmæti hafi verið 60.858 milljónir kr. á árinu 2000, olúkostnaður hafi verið 6.218 milljónir kr. og annar kostnaður en kostnaður vegna launa sjómanna og olíu, að frádregnum öðrum tekjum en tekjum af sölu afla (t.d. leigutekjum vegna leigu á aflamarki. Gjöld vegna leigu á aflamarki eru talin með öðrum kostnaði) hafi verið 17.568 milljónir kr. Í þessari fjárhæð eru 630 milljónir sem útgerðin greiddi í Þróunarsjóð og 215 milljónir sem útgerðin greiddi til Fiskistofu fyrir veiðileyfi og úthlutað aflamark.

Laun og launatengd gjöld vegna annarra starfsmanna en þeirra sem vinna á skrifstofum útgerðarfyrirtækjanna var 39,75%. og framlegð fyrir afskriftir og vexti nam 12.878 milljónum á árinu 2000.

Í erindi sjávarútvegsnefndar er Þjóðhagsstofnun beðin um að reikni dæmi um fjárhæð veiðigjalds miðað við tiltekna aðstæður:

- 1) „Við núverandi aðstæður og aflamagn.“ Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárhæð veiðigjaldsins á hvert þorskígildi (kg) sé reiknað út miðað við aðstæður á 12 mánaða viðmiðunartímabili sem lýkur fjórum mánuðum áður en álagningarárið (fiskveiðiárið) hefst. Ef miðað er við næstkomandi fiskveiðiár, 2002/2003, þá á að reikna út fjárhæð gjaldsins miðað við verð á olíu, neysluverð, aflamagn og aflaverðmæti á tímabilinu frá 1. maí 2001 til 30. apríl 2002. Lauslega má áætla að gasolíuverð verði 15% lægra á þessu tímabili en það var á árinu 2000 og að neysluverðsvísitalan verði 11,7% hærri á þessu tímabili en hún var að meðaltali á árinu 2000. Nokkur óvissa er um aflaverðmæti á þessum tíma, einkum vegna mikilla hækkana á fiskverði að undanförmu, en lausleg áætlun gæti hljóðað upp á 78 milljarða króna. Miðað við þessar forsendur gefur jafnan fyrir veiðigjaldinu 2.095 milljónir ($=78.000 \cdot (1-39,8) - 6218 \cdot (1-15/100) - 17.568 \cdot (1+11,7/100)$). Þessi fjárhæð á að deilast á afla kvótategunda á viðmiðunartímabilinu í þorskígildum. Sú fjárhæð sem þannig fæst verður svo lögð á úthlutaðar aflaheimildir á næsta fiskveiðiári. Ef aflaheimildir á næsta fiskveiðiári verða jafn miklar í þorskígildum og aflinn á viðmiðunartímabilinu þá verður heildarfjárhæð veiðigjaldsins jöfn þeirri fjárhæð sem jafnan gefur, þ.e. 2.095 milljónir. Í öðrum tilfellum verður áætlunin um heildarfjárhæð veiðigjaldsins hærri eða lægri en útkoman úr jöfnunni í réttu hlutfalli við það hvað áætlað er að úthlutaðar aflaheimildir á næsta fiskveiðiári verði mikið hærri eða lægri en afli kvótategunda á viðmiðunartímabilinu.
- 2) „Við aðstæður þar sem gert er ráð fyrir mjög lítilli veiði.“ Fjárhæð veiðigjaldsins á hvert þorskígildi ræðst af aðstæðum á 12 mánaða tímabili sem lýkur fjórum mánuðum áður en fiskveiðiárið hefst. Veiðigjaldið ræðst svo af fjárhæð á hvert þorskígildi og aflaheimildum í þorskígildum á fiskveiðiárinu. Ef úthlutaðar aflaheimildir minnka mikið lækkar heildarfjárhæð gjaldsins í réttu hlutfalli við þá minnkun. Þessi minnkun hefur svo aftur áhrif á aflaverðmæti viðmiðunartímabilsins fyrir næsta fiskveiðiár þar á eftir og veldur þannig lægra gjaldi en ella á hvert þorskígildi á því fiskveiðiári.
- 3) „Við aðstæður þar sem gert er ráð fyrir mjög mikilli veiði.“ Ef úthlutaðar aflaheimildir aukast mikið hækkar heildarfjárhæð gjaldsins í réttu hlutfalli við þá hækkun. Þessi aukning hefur svo aftur áhrif á aflaverðmæti viðmiðunartímabilsins fyrir næsta fiskveiðiár þar á eftir og veldur þannig herra gjaldi en ella á hvert þorskígildi á því fiskveiðiári.
- 4) „Við aðstæður þar sem gert er ráð fyrir hrúni í veiðum á einstökum stofnum.“ Ef slíkt hrún er fyrirsjáanlegt áður en ákvörðun er tekin um aflaheimildir á fiskveiðiárinu þá verður litlum eða engum aflaheimildum úthlutað og álagt veiðigjald verður lítið eða ekkert. Ef hrúnið á sér stað eftir að búið er að úthluta aflaheimildum og leggja á veiðigjaldið þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að skip í

aflamarskerfinu greiði veiðigjald miðað við úthlutað aflamark óháð því hvort það veiðist eða ekki.

- 5) „Við aðrar aðstæður sem Þjóðhagsstofnun telur að séu vel til þess fallnar að varpa ljósi á þær sveiflur sem geta orðið á upphæð gjaldsins samkvæmt frumvarpinu.” Verulegar sveiflur geta orðið á veiðgjaldinu bæði vegna breytinga í aflamagni og vegna breytinga í afurðaverði, olíuverði eða almennu verðlagi innanlands (neysluverð). Ef afli breytist, en verð helst óbreytt, þá breytist gjaldið sem hér segir:

Aflamagn	-20,0%	-10,0%	10,0%	20,0%	30,0%	50,0%
Veiðigjald	-57,0%	-28,5%	28,5%	57,0%	85,5%	142,6%

Ef aflamagn, afurðaverð og neysluverð er óbreytt en olíuverð breytist þá breytist veiðigjaldið sem hér segir:

Olíuverð	-20,0%	-10,0%	10,0%	20,0%	30,0%	50,0%
Veiðigjald	9,7%	4,8%	-4,8%	-9,7%	-14,5%	-24,2%

En ef aflamagn, afurðaverð og olíuverð er óbreytt en neysluverð breytist, þá breytist veiðigjaldið sem hér segir:

Neysluverð	-20,0%	-10,0%	10,0%	20,0%	30,0%	50,0%
Veiðigjald	27,3%	13,7%	-13,7%	-27,3%	-41,0%	-68,4%

Rétt er að nefna að í þeim dæmum sem hér eru reiknuð er ekki gert ráð fyrir að nein breyting verði frá viðmiðunartímabilinu til fiskveiðiársins.

Nokkur ónákvæmi er óhjákvæmileg þegar einföld jafna, eins og sú sem miðað er við í frumvarpinu, er notuð til að spá fyrir um framlegð í útgerð á einstaka ári. Þrátt fyrir þetta gæti jafnan spáð sæmilega fyrir um þróun framlegðar í útgerð þegar til lengri tíma er litið.

Samsetning útgerðar getur haft nokkur áhrif á fjárhæð veiðigjaldsins án þess að afkoma greinarinnar breytist. Sem dæmi má nefna að þar eð veiðigjaldið miðast við aflaverðmæti þá mun það hækka ef vægi frystiskipa eykst. Þá er rétt að nefna að þótt líklegt sé að jafnan spái sæmilega fyrir um þróun heildarframlegðar í útgerð þegar til lengri tíma er litið, þá þarf sú spá ekki að gilda fyrir einstaka hluta útgerðarinnar. Þannig getur verið að botnfiskveiðar og loðnuveiðar gangi mjög vel og jafnan reikni réttilega út hátt veiðigjald á hvert þorskígildi. Þetta gjald yrði svo lagt á úthlutaðar aflaheimildir í rækju jafnvel þótt afkoman í rækjuveiðunum væri mjög léleg.